


---

# DalaAuður



**Skilaboð íbúapings í Dalabyggð**  
mars 2022

## Efnisyfirlit

<b>Samantekt .....</b>	<b>1</b>	<b>7. Mannlíf .....</b>	<b>16</b>
<b>1. Inngangur.....</b>	<b>3</b>	7.1. Ungt fólk / barnafólk.....	16
<b>2. Forgangsróðun .....</b>	<b>4</b>	7.2. Nýbúar .....	17
<b>3. Innviðir .....</b>	<b>5</b>	7.3. Félagsstarf.....	17
3.1. Fjarskipti og fleira .....	5	7.4. Eldri borgarar .....	18
3.2. Vegir.....	6	7.5. Virkja hálfbúa .....	18
3.3. Húsnæði.....	6	<b>8. Menning og listir .....</b>	<b>19</b>
3.4. Orka .....	7	<b>9. Breiðafjörður (Hvammfjörður).....</b>	<b>21</b>
<b>4. Atvinnumál .....</b>	<b>8</b>	<b>10. Hvert skal stefna? .....</b>	<b>22</b>
4.1. Fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri .....	8	10.1. Sameining sveitarfélaga.....	22
4.2. Nýsköpun.....	9	10.2. Sjálfbærni – sjálfbærir Dalir .....	23
4.3. Skógrækt.....	9	10.3. Skipulagsmál .....	23
4.4. Landbúnaður .....	10	<b>11. Raddir unga fólksins .....</b>	<b>24</b>
4.5. Ferðaþjónusta.....	10	11.1. Yngsta stigið .....	24
<b>5. Menntun .....</b>	<b>12</b>	11.2. Hvaða störf?.....	25
<b>6. Hreyfing og heilsa .....</b>	<b>14</b>	11.3. Hvaða áhugamál? .....	25
6.1. Staðan í dag .....	14	11.4. Dalirnir verði þekktir fyrir... ..	26
6.2. Ný tækifæri .....	14	11.5. Ef þú fengir 2 milljónir... ..	26
6.3. Útivist og reiðmennska.....	15	<b>12. Framtíðarsýn – Dalabyggð árið 2042 .....</b>	<b>27</b>
		<b>13. Að lokum.....</b>	<b>30</b>
		<b>14. Viðaukar – Raddir unga fólksins, allt.....</b>	<b>32</b>
		14.1. Yngsta stigið .....	32
		14.2. Hvaða störf?.....	33
		14.3. Hvaða áhugamál? .....	34
		14.4. Dalirnir verði þekktir fyrir... ..	35
		14.5. Ef þú fengir 2 milljónir... ..	36

*Kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og virka þátttöku, til allra sem mættu á íbúáþingið í Dalabyggð og þeirra sem aðstoðuðu við framkvæmdina.*

Helgina 26. – 27. mars 2022 var haldið íbúáþing í Dalabyggð og markaði það upphaf að þátttöku sveitarfélagsins í byggðaþróunarverkefninu „Brothættar byggðir. Á þinginu var verkefninu valið nafnið „DalaAuður“. Þingið var haldið Dalabúð í Búðardal. Áður var unnið með nemendum í Auðarskóla og voru skilaboð þeirra kynnt á íbúáþinginu. Umsjón með þessari vinnu höfðu fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn ásamt Önnu Sigríði Grétarsdóttur, kennara við skólann. Dalakot sá um veitingar, sem voru í boði Byggðastofnunar.

ILDÍ, þjónusta og ráðgjöf, hafði umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt, í samstarfi við verkefnisstjórn. Kortið af Dalabyggð á forsíðu er fengið úr greinargerð með endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar 2020 – 2032. Ljósmynd á forsíðu tók Kristján Þ. Halldórsson, hjá Byggðastofnun, sem og myndir inni í skjalinu, sem merktar eru KPH. Aðrar myndir eru frá ILDI.

Kristján Sturluson, sveitarstjóri, fær sérstakar þakkir fyrir aðstoð við upplýsingaöflun vegna samantektar.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI stýrði þinginu og vann þessa samantekt.

Verkefnisstjórn mun starfa meðan verkefnið stendur, í allt að fjögur ár og eru þau á myndinni hér fyrir neðan, ásamt forstöðumanni þróunarsviðs hjá Byggðastofnun og nýráðnum verkefnisstjóra.

Frá vinstri: Kristján Sturluson, sveitarstjóri, Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar, Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Þorgrímur Einar Guðbjartsson, bæði fulltrúar íbúa, Ólafur Sveinsson, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Kristján Þórhallur Halldórsson, Byggðastofnun, Linda Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri, Helga Harðardóttir, Byggðastofnun og Páll S. Brynjarsson, SSV.



## Samantekt

Til að Dalabyggð geti tekið fagnandi á móti framtíðinni er nauðsynlegt að auka fjölbreytni atvinnutækifæra og efla það sem fyrir er. Forsendur þessa eru bættir innviðir; vegir, fjarskipti, þriggja fasa rafmagn og aukið framboð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

Þetta voru meginskilaboð íbúðapings sem haldið var helgina 26. – 27. mars, þar sem um 50 manns ræddu um stöðu og tækifæri Dalabyggðar við upphaf þátttöku í verkefninu „Brothættar byggðir“. Um er að ræða samstarfsverkefni sveitarfélagsins, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og íbúa, ásamt Byggðastofnun, sem þróað hefur þetta verklag. Verkefninu var valið nafnið DalaAuður og verkefnisstjóri tekur til starfa í sumar.

Íbúar eru spenntir fyrir byggingu íþróttahúss og sundlaugar í Búðardal, sem unnið er að. Kallað er eftir stað í þorpinu fyrir félagsstarf og minni viðburði. Væntanlega mun staða Búðardals sem þjónustukjarna svæðisins því styrkjast á næstu árum. Staða dreifbýlisins þarf líka að styrkjast, með frekari úrvinnslu afurða og standa þarf vörð um og efla mjólkurframleiðslu. Mikil tækifæri eru í skógrækt og nálægðin við Breiðafjörð skapar ýmsa möguleika.

Rætt var um atvinnumál og nýsköpun; ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu, opinber störf og óstaðbundin störf. Lagt var til að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í allri atvinnuuppbyggingu, búa til auðkenni Dalabyggðar fyrir vörur og þjónustu og huga að umhverfisvottun. Hvatt var til betri nýtingar jarðvarma og að stefnumótun um orkumál verði unnin í sátt við samfélagið. Fram kom hugmynd um svæðisbundið þjónustuver skipulagsmála, t.d. á vegum SSV og bent á að marka þurfi stefnu um beitarmál búfjár.

Kallað var eftir fleiri og betri göngu- og hjólastígum innan þéttbýlis og gönguleiðum í dreifbýlinu sem og góðum reiðleiðum, sem víðast.

Skólamál eru mikilvægur þáttur í undirbúningi fyrir framtíðina og vilja nemendur fá að vera með í ákvarðanatöku, en skilaboð barna og unglinga komu skýrt fram á þinginu. Áhugi er á að draga fram og styrkja enn frekar kosti Dalabyggðar sem barnvæns samfélags, skipuleggja móttöku nýbúa og virkja „hálfbúa“. Fjölmargar hugmyndir komu fram um að efla félagslíf, virkja þau félög sem þegar eru starfandi og búa til ný.

Ríkuleg saga Dalabyggðar er ein af auðlindum svæðisins og var stungið upp á að kortleggja gönguleiðir og tengja sögunni, t.d. í gegnum app. Rætt var um mögulega staðsetningu Byggðasafns Dalamanna, byggðahátíðir, meiri nýtingu Vínlandsseturs og félagsheimila og tækifæri tengd tónlist, myndlist og handverki.

Æskilegt væri að efla heima- og stoðþjónustu fyrir eldri borgara og fjölga íbúðum fyrir þennan aldurshóp. Rætt var um að fjölga rýmum á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni í Búðardal og byggja samkomusal, eða e.t.v. selja það og byggja nýtt. Einnig voru ræddar ýmsar hugmyndir um nýtingu á Laugum í Sælingsdal, sem er að mestu í eigu sveitarfélagsins, svo sem dvalar- og hjúkrunarheimili, íbúðir og sumarhúsabyggð.

Dalabyggð er dæmi um blómlega byggð sem hefur átt undir högg að sækja m.a. vegna breyttra atvinnuhátta. Aðstæður í nútímasamfélagi kalla á að Dalamenn taki höndum saman og skapi meiri fjölbreytni og fleiri eftirsóknarverð tækifæri í byggðarlaginu. Staðan kallar á sameiningu sveitarfélaga og kom fram að Dalabyggð verði að taka þátt í þeirri þróun. Nokkrir sameiningarkostir voru ræddir á þinginu og sagt „Gera Dalabyggð eftirsóknarverða“.

Virk þátttaka íbúa er einn af hornsteinum verkefnisins „Brothættar byggðir“ og mun verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára, byggja á skilaboðum þingsins, en því stýrði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI.



## 1. Inngangur

Dalabyggð er fjórtánda byggðarlagið sem tekur þátt í verkefninu „Brothættar byggðir“. Um er að ræða verklag þróað af Byggðastofnun, til stuðnings byggðarlögum sem standa höllum fæti og hófst verkefnið árið 2012, á Raufarhöfn.

Byggt er á samstarfi við viðkomandi sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök á svæðinu og síðast en ekki síst við íbúa. Fulltrúar þessara aðila skipa verkefnisstjórn. Á hverjum stað hefur verkefnið staðið að jafnaði í fjögur ár og í einstaka byggðarlögum hafa verkefni verið framlengd um eitt ár. Til þessa hafa sjö byggðarlög lokið verkefninu og er þá hlutverki Byggðastofnunar lokið, en viðkomandi sveitarfélag og/eða landshlutasamtök hafa fylgt því eftir á hverjum stað, eftir atvikum.

Meginmarkmið verkefnisins „Brothættar byggðir“, „...er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.“<sup>1</sup>

Íbúáþing í Dalabyggð var haldið í Dalabúð í Búðardal, helgina 26. – 27. mars, 2022 og þar mættu um 50 manns á breiðu aldursbili, bæði heimamenn og „hálfbúar“, úr þorpi og sveitum. Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar setti þingið, sagði frá verkefninu og óskaði heimamönnum góðs gengis.

Því næst var viðstöddum boðið að stinga upp á umræðuefnum, samkvæmt aðferðinni „Opíð rými“ – Open Space Technology<sup>2</sup> sem notuð hefur verið á íbúáþingum í verkefnum í „Brothættum byggðum“, til þessa. Stungið var upp á 19 málefnum yfir þá tvo daga sem þingið stóð og var hvert og eitt þeirra rætt í minni hópi í um klukkustund. Fjórir til fimm hópar störfuðu í einu og gátu þátttakendur farið á milli þeirra, eftir áhugasviði.

Á síðari degi þings fóru þátttakendur í ferðalag 20 ár fram í tímann og sáu fyrir sér hvernig byggð og samfélag í Dölum gæti verið árið 2042. Loks var málefnum forgangsraðað eftir mikilvægi.

Þess má geta að þingmaðurinn Bjarni Jónsson þáði boð um að heyra helstu skilaboð, áður en þinginu var slitið.

Samantekt þessi byggir á gögnum frá hópum og kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á þeim umræðuefnum, sem þátttakendur á þinginu stungu upp á.

---

<sup>1</sup> Brothættar byggðir. Verkefnislýsing, útgáfa 2.2, júní 2017:

[https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf)

<sup>2</sup> <http://www.openspaceworld.org/>

## 2. Forgangsröðun

Á íbúðinginu var rætt um 19 málefni, samkvæmt uppástungum þátttakendanna sjálfra. Komið var víða við, í málefnum sem varða farsæla framtíð Dalabyggðar og litið til ungra sem aldinna.

Forgangsröðun málefna, í lok þings, fór fram með þeim hætti að hver þátttakandi fékk 10 límmiðapunkta til að ráðstafa að vild á málefnin. Myndin sýnir niðurstöður þeirrar röðunar.

Bættir innviðir og samgöngur voru lang efst á blaði, með 56 punkta. Næst komu „Atvinnumál, nýsköpun og skógrækt“, með 38 punkta. Atvinnumál voru einnig rædd ein og sér og afrakstur þeirrar umræðu rataði í 5. sæti, með 29 punkta. Samtals fengu atvinnumál í einhverri mynd því 67 punkta, auk þess sem settir voru 19 punktar á „Ferðamál“. Það er því ljóst að innviðir, samgöngur og atvinna, eru þau mál sem brenna mest á Dalamönnum.


Skólamál vou í þriðja sæti, en þau voru rædd í tveimur hópum, sem slegið var saman áður en forgangsröðunin fór fram. Næst þar á eftir koma húsnæðismál, síðan atvinnumál, eins og þegar er sagt og þá orkumál. „Sameining sveitarfélaga“, varð í 9. sæti.

Af málefnum sem snúa meira að samfélaginu, eru skólamálin efst á blaði, eins og fram hefur komið, en næst eru „Íþróttir“, „Ungt fólk/barnafólk“ og „Félagsstarf“. Umræða um „Útivist og hesta“, varðar bættu aðstöðu, en getur einnig tengst tækifærum til atvinnusköpunar. „Menning og listir“ raðast þar næst á eftir, en „Þjónusta“, „Eldri borgarar“ og að „VirkJa hálfbúa“ eru neðar. „Breiðafjörður“, „Sjálfbærni“ og „Skipulagsmál og fjallskil“ eru með innan við 10 punkta.

Forgangsröðuninni er ætlað að gefa vísbendingu um áherslur samfélagsins og varpa ljósi á það sem mest brennur á íbúum og þeir brenna fyrir.

Þetta er þó ekki atkvæðagreiðsla og niðurstöðurnar ráðast af því hverjir eru á staðnum, þegar þessi dagskrárliður þingsins fer fram.

Því er mikilvægt að nefna að verkefnisstjórn tekur öll mál til skoðunar, hvar sem þau eru á listanum yfir forgangsröðun. Eftir því sem verkefninu vindur fram eiga öll verkefni sem eiga sér málsvara og fólk er tilbúið að vinna að, möguleika á að verða að veruleika.



### 3. Innviðir

Stærstu hagsmunamál íbúa í Dalabyggð snúast um að bæta innviði og samgöngur, samkvæmt forgangs röðun málefna á þinginu. Stungið var upp á þessum málefnum hvoru í sínu lagi, en ákveðið að slá þeim saman í einn umræðuhóp.

Byrjað var á að ræða fjarskiptamál, síðan vegamál og loks var rætt sérstaklega um tengivegi. Hér er sagt frá þessum umræðum og einnig skilaboðum hópa sem fjölluðu um húsnaðismál og orkumál.

#### 3.1. Fjarskipti og fleira

Skilaboð um fjarskiptamálin voru skýr, „þau verður að laga, sagði hópurinn og það strax. Lögð var áhersla á að fram fari samtali við heimamenn um hvar sendar verði staðsettir.

Hér var einnig rætt um þörfina fyrir fleiri hleðslustöðvar, nú þegar rafmagnsbílum fjölga óðum. Sagt var: „Fjölga hleðslustöðvum“ og einnig: „Athuga greiðslukort á hleðslustöðvum“. Samkvæmt upplýsingum frá ON, sem virðist ráðandi á þessum markaði, eru einu greiðsluleiðirnar áskrift eða ON lykkillinn, en í lok maí verður í boði að greiða með appi fyrirtækisins. Það er því ekki von til þess að óskum Dalamanna um að hægt verði að greiða með kreditkortu verði svarað.

Undir þessum lið var jafnframt rætt um almenningsamgöngur og vildu þátttakendur gjarnan sjá þær verða betri. Ferðir frá Reykjavík, í gegnum Borgarnes eru á miðvikudögum, föstudögum og sunnudögum.<sup>3</sup> Einnig kom fram ósk um reglulegar áætlunarferðir milli Búðardals og Lauga. Sá galli fylgir þó gjöf Njarðar að þá væri æskilegt að bjóða upp á sambærilegar ferðir úr sveitunum í Lauga og kostnaður aukast sem því næmi. Í hópi sem ræddi um ferðaþjónustu var lagt til að koma á almenningsamgöngum á svæðinu, en ekki vísað eingöngu til Lauga. Þetta væri „...fyrir börn og aðra sem þurfa frá A til B“.

*„Fjarskiptamál verður að laga strax!“*



<sup>3</sup> <https://straeto.is/skipuleggja-ferd/timatoflur/landsbyggdin>



### 3.2. Vegir

Í umræðum um vegamál var kallað eftir því að „Vegagerðin búi til raunhæft plan í vegamálum til 8-12 ára“. Fram kom að það gæti orðið hvati fyrir heimamenn til að taka þátt í verkefnum. Þá yrði mögulegt að fjárfesta í vélum, en ófært sé að kaupa dýrar vélar fyrir 1-2ja ára notkun.

Talsverð umræða varð um veginn um Bröttubrekku. Annars vegar var sagt að hann þurfi að laga og stefna að því að byggja hann upp eins og veg nr. 1, hringveginn. Ein leið til að bæta þessa leið væri að gera göng í gegnum Bröttubrekku og var stungið upp á því að meta hagkvæmni þess kostar, með hliðsjón af kostnaði við viðhald og snjómokstur. Jafnframt var lögð áhersla á að „klára Laxárdalsheiði og Skógarströnd“

Fram kom að staða tengivega í Dalabyggð er víða bágborin og m.a. bent á hættulegar brýr og holur. Hópurinn vildi þrýsta á að unnið verði markvisst og hratt að úrbótum og stefna að því að þeim ljúki innan fimm ára.

Stungið var upp á því að „stofna þrýstihóp á Vegagerð og ríkisvald til að ná þessum markmiðum fram.“.

### 3.3. Húsnæði

Hópurinn sem ræddi um húsnæðismál, fjallaði bæði um atvinnu- og íbúðarhúsnæði, m.a. fyrir eldri borgara. Einnig var rætt um nýtingarmöguleika á Laugum í Sælingsdal. Það var skýr niðurstaða hópsins að aukið framboð húsnæðis, sé afgerandi forsenda, til að efla byggð í Dölum.

Kallað var eftir auknu framboði á atvinnuhúsnæði, bæði litlum rýmum og stórum. Tekið var fram að passa þurfi upp á að umhverfi við atvinnuhúsnæði sé snyrtilegt. Fram kom að bjóða þurfi fleiri valkosti í húsnæðismálum, en áður hefur verið gert. Þar var m.a. talað um „betri húsnæðiskost fyrir eldri borgara“, smáíbúðir og kaupleiguíbúðir.

Framtíð Lauga í Sælingsdal, var þátttakendum ofarlega í huga, sem sáu þar ýmis tækifæri. Staðurinn er 19 km. norðan við Búðardal. Þar er jarðhiti, íþróttahús, sundlaug og sumarhótel og þar var áður heimavistarskóli. Fram kom hugmynd um að markaðssetja þar sumarhúsabyggð. Einnig var stungið upp á að breyta húsnæðinu í íbúðir og einhverjir sáu fyrir sér að þar gæti verið dvalarheimili ásamt íbúðum fyrir 60 ára og eldri. Þær hugmyndir tengdust síðan hugmyndum um Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún í Búðardal sem stungið var upp á að selja og byggja nýtt hjúkrunarheimili til að leysa það af hólmi.

Stungið var upp á ýmsum skrefum til að auka framboð á húsnæði:

- Auka skipulag fyrir smáíbúðir og sumarhús.
- Bjóða ódýrar lóðir - bæði fyrir atvinnu- og íbúðarhúsnæði.
- Fara í meiri gatnagerð.
- Auglýsa lóðaframboð.

Þátttakendur sáu fyrir sér að þetta stóra og mikilvæga viðfangsefni yrði samvinnuverkefni nokkurra aðila. Sagt var:

- Búa til hóp um uppbyggingu húsnæðis – fag og fjárfesta.
- Húsnæðisfjárfestingafélag.

Jafnframt kom fram tillaga um að: „Þrýsta á leigufélög og/eða einkaaðila að byggja húsnæði“.

Næstu skref taldi hópurinn að ættu að felast annars vegar í markaðssetningu á lóðaframboði og hins vegar í því að þrýsta á meiri uppbyggingu.

### 3.4. Orka

Einn hópur ræddi sérstaklega um orkumál, en málefnið kom einnig til umræðu þegar fjallað var um innviði almennt. Farið var vítt yfir sviðið og rætt um bætt raforkukerfi, meiri nýtingu jarðvarma og leiðir til orkusparnaðar.

Sagt var að orkumál séu frumskilyrði fyrir aukinni atvinnustarfsemi. Eða eins og það var orðað: „Til að geta aukið atvinnustig og verið með fjölbreytta atvinnu og atvinnuöryggi þarf gott rafmagn.“ Jafnframt var vísað til þess að nauðsynlegt sé að „...stórbæta raforkuflutning til og frá Dalabyggð“.

Hluti af „uppfærslu“ raforkukerfisins í Dölum snýst um að halda áfram að koma rafmagni í jörð og þriggjafasa væða svæðið, sögðu þátttakendur. Eitthvað er um heimavirkjanir á svæðinu og var lagt til að haldið verði áfram með hugmynda- og skipulagsvinnu vegna heimavirkjana og annarra smávirkjana.

Stungið var upp á sjávarfallavirkjun í Hvammsfjarðarröst og sagt: „Virkja Röstina, skotheld pæling“.

Uppi hafa verið hugmyndir um að reisa vindorkuver á tveimur jörðum í Dalabyggð sem báðar eru í einkaeigu. Þátttakendur í hópnum töldu að halda ætti áfram „vindmyllupælingum“, en var umhugað um að stefnt yrði að sátt við samfélagið um málefnið.

Dalamenn sjá ýmis tækifæri í bættri stöðu orkumála og ef raforkuframleiðsla færi í gang, taldi hópurinn mikilvægt að tryggja að það verði aðlaðandi að fá orkutengda starfsemi í sveitarfélagið, t.d. garðyrkju.

Stungið var upp á því að nýta jarðvarma betur, en auk Lauga, er jarðhiti í Reykjadal og í Laugardal í Hörðudal.<sup>4</sup> Lagt var til að samið yrði við Rarik um útvíkkun hitaveitunnar í Búðardal, en hún nýtir vatn úr Reykjadal og tengjast henni einnig flest býli á veituleiðinni.<sup>5</sup>

Loks var mælt með því að auka notkun á varmadælum með því að kynna kosti og galla þeirra fyrir íbúum.



4

<http://fundargerð.dalir.is/displaydocument.php?itemid=cJTAf2QekCNx1a2e34dRg&meetingid=QF7QHYxZP0yvqmZ5KRhxYw1&filename=%C3%81h%C3%A6ttusko%C3%B0un%20Vesturland%202020%20-%20vinnuskjal%202021-04-06.pdf>, bls. 20.

<sup>5</sup> <https://dalir.is/wp-content/uploads/2021/12/ASK-Dalabyggdar-GRG-vinnslutillaga-minni-ID-176795.pdf>, bls. 92.

## 4. Atvinnumál

Rætt var um atvinnumál báða daga þingsins. Á fyrri deginum var slegið saman þremur málefnum, „Atvinnumál“, „Nýsköpun“ og „Skógrækt“. Á síðari deginum var hins vegar rætt um atvinnumál almennt, án tilvísunar í einstakar atvinnugreinar. Báðir hópar ræddu um mikilvægi sjálfbærni og var m.a. sagt að hafa ætti sjálfbærni að leiðarljósi í allri atvinnuuppbyggingu í Döllum.

### 4.1. Fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri

Almennt var kallað eftir aukinni fjölbreytni starfa og helst líka verðmætari störfum, sérstaklega í einkageiranum. Þá var horft til óstaðbundinna starfa ásamt því að standa vörð um þá starfsemi og þjónustu sem þegar er til staðar.

Vísað var bæði til launamanna og framkvæmdaaðila, varðandi möguleika á nýsköpun.

Varðandi atvinnumál almennt, var rætt um að laða að tiltekna atvinnugreinar, s.s. matvælavinnslu, líftækni, smáframleiðslu og nýtingu ensíma í framleiðsluvörur. Einnig var fjallað um möguleika tengda ræktun og vinnslu á hampi. Því þyrfti að vera í boði „...aðstaða til vinnslu fyrir marga“, sögðu þátttakendur.

Stungið var upp á því að vinna markvisst í að flytja opinber störf í Dalina. Þá var bent á þann möguleika að bjóða upp á „símabjónustu allskonar“, eins og það var orðað. Einnig var rætt um störf sem verða til við uppbyggingu nýs íþróttahúss og við rekstur þess, þegar þar að kemur.

Þátttakendum þótti spennandi að sækjast eftir þróun með MS, t.d. nýjum sérhæfðum afurðum og vörpuðu fram spurningunni: „...er mygla tækifæri?“. Talað var um að efla mysböð, sem samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra vísar til verkefnis frumkvöðuls í Búðardal sem fær mysu frá MS. Þess má geta að mysböð tíðkast t.d. í Sviss.

Þinggestir sáu tækifæri í þeirri staðreynd að þjóðin er að eldast og stungu upp á því að: „Skilgreina Búðardal sem bæ aldraðra“. Nefndir voru þættir eins og þjónusta og íbúðarhúsnæði – sérstaklega smáhýsi og litlar íbúðir. Stungið var upp á að stækka hjúkrunarheimilið Silfurtún, byggja þar upp hjúkrunarrými og samkomusal. Einnig var nefnt að setja mætti upp þvottahús fyrir hjúkrunarheimilin<sup>6</sup>, sem einnig myndi nýtast fyrir ferðabjónustuna. Loks var talað um gönguleiðir í þessu sambandi, til að koma til móts við þarfir eldri borgara.

Til að mögulegt verði að fjölga atvinnutækifærum þarf að bæta innviði, sögðu þátttakendur og vísuðu til þriggja fasa rafmagns og að vegir og fjarskiptasamband þurfi að vera í lagi.

Annar hópanna greindi þau tækifæri sem gætu falist í uppbyggingu iðnaðarhúsnæðis/iðngarða á skipulögðu iðnaðarsvæði. Þetta ætti að vera „...forgangur 1“ eins og það var orðað. Lagt var til að slökkvilið, sjúkrabílaaðstaða og/eða björgunarsveit yrðu flutt í slíkt húsnæði og þannig losað um pláss fyrir þjónustu í miðbæ. Jafnframt að þarna gætu verið upphitaðar geymslur fyrir ýmislegt, m.a. umbúðir og vöru.

Stungið var upp á að settur yrði saman hópur um verkefnið. Einnig kom fram hugmynd um að halda samkeppni um starfsemi í hverfinu og bent á mikilvægi þess að markaðssetja hverfið/garðana.

Nefndar voru sérstaklega tvær aðgerðir sem gætu eflt atvinnulíf. Annars vegar „ívilnanir fyrir ný fyrirtæki“ og hins vegar að skipaður yrði „flutningsfulltrúi fyrir ný fyrirtæki“.

---

<sup>6</sup> Auk Silfurtúns í Búðardal, <https://dalir.is/thjonusta-og-starfsemi/felagsthjonusta/aldradir/silfurtun/>, er á Fellsenda, um 20 km sunnan við Búðardal, rekið hjúkrunarheimili fyrir fólk sem glímir við geðsjúkdóma/geðfatlanir af ýmsum toga. <https://www.fellsendi.is/>

## 4.2. Nýsköpun

Premur dögum eftir íbúáþingið, var opnað Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur Dalabyggðar, en undirbúningur að því verkefni hófst um mitt ár 2020. Á vef Dalabyggðar segir:

*„Markmið setursins er að efla atvinnulíf í Dalabyggð með sérstaka áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf ásamt því að skapa samfélag fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem eru að vinna að hugmyndum sínum og vilja fullmóta þær, sem og fyrir þá sem vilja skapa sér sín eigin atvinnutækifæri.*

*Hugmyndafræðin við stofnun setursins er að byggja upp leiðbeinandi samfélag þar sem notendur setursins geta sótt ráðgjöf, stuðning og fræðslu verkefnum og vinnu í hag.“*

Greinilegt var á umræðum á þinginu að íbúar horfa til setursins og þeirra tækifæra sem tilkoma þess skapar. Sérstaklega voru nefndir eftirfarandi þættir: Menntun, vísindi, fyrirlestrar og kynningar og markaðssetning.

## 4.3. Skógrækt

Fjörug umræða varð um skógrækt og nytjaskóga frá ýmsum hliðum, m.a. um atvinnusköpun við ræktun og plöntuframleiðslu og einnig afleidd störf.

Nefndir voru nokkrir möguleikar á verktakavinnu:

- Girðingar.
- Jarðvinna.
- Gróðursetning.
- Úrvinnsla.

Hópurinn skráði niður lista af hliðarafurðum sem verða til með skógrækt, svo sem sveppi, ber og ávexti. Þetta og fleira geti orðið grunnur að matvælaframleiðslu. Einnig var bent á þau gæði sem skógur býður upp á til gönguleiða og útivistar almennt og sérstaklega talað um skáta og fleiri félög, hestaferðir og aðra möguleika í ferðaþjónustu.

Þá var komið inn á gildi skógræktar í tengslum við kornrækt og ræktun hamps. Kolefnisbinding með skógrækt er einnig mikilvæg, að mati hópsins, enda loftslagsmál brýnt verkefni. Slík verkefni geti líka laðað að fjárfesta.



<sup>7</sup> <https://dalir.is/frettir/opnun-nyskopunar-og-frumkvodlaseturs-dalabyggdar/>

#### 4.4. Landbúnaður

Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein í Dalabyggð. Þátttakendur lögðu m.a. áherslu á að standa vörð um og efla mjólkurframleiðslu vestan Búðardals.

Þá kom fram mikill áhugi á að auka úrvinnslu landbúnaðarafurða og að í ríkari mæli væri verið að senda fullunna vöru á markað. Bent var á að eftirspurn eftir vegan matvælum er að aukast og að til að Dalir standi vel að vígi í þeirri þróun þyrfti heitt vatn, gróðurhús og rafmagn að vera tryggt.

Lagt var til að gert verði sérstakt merki fyrir framleiðsluvörur úr Dölum til að auðkenna afurðir úr héraði. Þessi hugmynd var líka rædd í hópi sem fjallaði um ferðapjónustu.

Stungið var upp á umræðu um fjallskil, en málefninu síðan slegið saman við umræðu um skipulagsmál. Vitað er að skiptar skoðanir eru í Dalabyggð um málefnið. En hópurinn sem ræddi málið á þinginu var á því að leggja ætti niður fjallskil og banna lausagöngu búfjár í byggð á sumrum og ætti helst allt sauðfé að vera innan girðingar. Stefna ætti að því að „þjóðvegur 60 verði fjárlaus milli fjalla“, var sagt. Hér töldu þátttakendur að mörkun stefnu um málið ætti að vera: „Samvinnuverkefni landeigenda, sauðfjárbænda, vegagerða og stjórnvalda til að vinna framgöngu að tillögum hér að ofan“.

#### 4.5. Ferðapjónusta

Hópur sem ræddi um ferðapjónustu, fór vítt yfir sviðið og horfði bæði á ný tækifæri og það sem fyrir er. Þegar allar hugmyndir þátttakenda höfðu verið settar á blað, var málefnum forgangsraðað eftir mikilvægi.

1. Nota Facebook betur til upplýsingagjafar og markaðssetningar.
2. Auka samvinnu ferðapjónustuaðila um að hafa opið allt árið.
3. Skipuleggja og kortleggja hleðslustöðvar á ferðamannastöðum.
4. Kortleggja gönguleiðir og tengja söguna, fá leyfi og gera aðstöðu fyrir bíla og fleira. Og hér var fólk í aðgerðaham: „Jakob til í þá vinnu og jafnvel að setja líka inn hestaleiðir og fjallareihjólaleiðir, ef við náum að finna 3-4 með honum í verkefnið“.
5. Halda námskeið í svæðisleiðsögn, í samvinnu við MK/Leiðsöguskólann.
6. Slow travel; innleiða hugsun vistvænnar ferðapjónustu, umhverfismál, sorpflokkun og fleira.



Sagan er ein af auðlindum Dalabyggðar og getur meðal annars nýst í ferðapjónustu. Stungið var upp á að búa til sérstakt app um söguna, þannig að fólk á ferð geti sótt þangað upplýsingar og fróðleik. Lagt var til að athuga hvort hægt væri að bæta Dalabyggð betur inn í verkefni sem kallast „Saga og Jökull“, verkefni um menningartengda ferðapjónustu fyrir börn, sem unnið var á Vesturlandi.<sup>8</sup> Verkefnið er nú vistað hjá Markaðsstofu Vesturlands, en hefur legið í dvala í nokkur ár.

Bent var á að ef almenningssamgöngur til og frá svæðinu og innan þess yrðu bætтар, kæmi það ferðapjónustunni til góða. Sjá einnig kafla 3.1., hér á undan um „Fjarskipti og fleira“.

Leggja ætti, að mati hópsins, áherslu á afurðir úr héraði, sbr. hugmynd um auðkenni Dalabyggðar fyrir vörur og þjónustu.

Og þessu tengt var stungið upp á að:

- Tengja handverkshópin Bolla við ferðapjónustuna, en hann rekur litla handverksverslun í Búðardal.<sup>9</sup>
- Halda úti matarmarkaði allt sumarið eða haustið.

Fleiri hugmyndir að nýsköpun bar á góma:

- Fjallahjólaleiðir.
- Hvetja einhvern til að leiðsegja um svæðið, gönguleiðir og fleira.
- Gefa ferðamönnum kost á að borða með heimafólki, „Dine with Locals“.

Loks var stungið upp á að „halda 60 Open um Vestfirði, tímataka 60 holur á þjóðveginum“ og þar vísað til lélegra vega.

*„Auka samvinnu ferðapjónustuaðila  
um að hafa opið allt árið.“*



<sup>8</sup> <https://natturan.is/samfelagid/efni/9278/>

<sup>9</sup> [facebook.com/bollicraft/](https://www.facebook.com/bollicraft/)

## 5. Menntun

Rætt var um skólamál báða daga þingsins. Fyrri daginn undir yfirskriftinni „Skólamál“ og síðari daginn: „Skóli, skyndihjálp og fleira“, þar sem tveimur umræðuefnum var slegið saman. Komid var víða við í fjörlegum umræðum, ekki síst vegna þátttöku nokkurra unglingsstúlkna, sem voru ófeimnar við að ræða skoðanir sínar og hugmyndir.

Allt skólastarf í Dalabyggð, leik- og grunnskóli og tónlistarskóli, fer fram í einni stofnun, Auðarskóla.

Kallað var eftir betri húsnæðisaðstöðu og sérstaklega nefnt bókasafn, ípróttahús, sundlaug, félagsmiðstöð og gæsluhúsnæði. Í þessu samhengi kom fram draumur um fjölnotahús, „...setur sem hýsir margt á hverjum stað“. Einnig kom fram að það vanti sérkennsluáðstöðu í leikskólanum.

Bent var á að bæta þurfi aðgengi „...svo auðvelt sé að komast á milli húsnæða“. Áhugi var á að bæta tölvuáðstöðu nemenda, með því að „Ipad væða skólann“ og/eða að kaupa Chrome bækur. Einnig vildu nemendur fá vatnsbrunn í skólann og sögðu: „Börn hafa rétt á góðu, hreinu vatni“.

Loks vildu þátttakendur bæta skólalóðina / leikskólalóðina með sérstakri áherslu á leiktæki.

Kallað var eftir aðgengi að ýmsum fagaðilum og faglegum áherslum í stuðningsþjónustu almennt og þetta var einnig nefnt í hópi sem ræddi um „þjónustu“. Þannig var óskað eftir meiri viðveru skólasálfræðings og aðgengi að fagaðilum og/eða skólaskrifstofu (sem reyndar er ekki til í sveitarfélaginu). Sérstaklega var talað um þroskaþjálfu, iðjuþjálfu og námsráðgjafa. Þá töldu þátttakendur æskilegt að stuðningsfulltrúar hefðu menntun sem nýttist í starfinu.

Liður í fagmennsku væri enn meiri áhersla á endurmenntun starfsmanna með námskeiðum og fleiru, t.d. ADHD námskeið. Einnig ætti að auglýsa öll störf sem eru laus eða losna innan skólans. Í því sambandi var sagt „athuga leikskóla“, en ekki er ljóst hvað átt var við.

Varðandi kennslugreinar og áherslur í leik- og grunnskóla, rataði eftirfarandi á blað:

- Leikskóli – málþroski: Snemmtæk íhlutun.
- Kennsla í nýsköpun (eldri börn).
- Lestur miðað við áhugamál og annað nám líka áhugasviðstengdara.
- Skyndihjálp: Skylda í skólum, fyrir nemendur og starfsfólk.
- Aukna kynfræðslu í skólum: Lifandi umræður.
- Fjármálalæsi.
- Lífsleikni - Hvað gerist eftir skólann?
- Fræðsla um andlega heilsu.
- Andlegur styrktarþjálfari.<sup>10</sup>

*„Lífsleikni – hvað gerist eftir skólann?“*

<sup>10</sup> Vísað var sérstaklega í hugarþjálfun hjá Haus.is; <https://haus.is/>

Í umræðu um skipulag skólastarfsins, var sagt að vinnudagur barna ætti að vera að hámarki 8 klukkustundir á dag. Kallað var eftir meiri útikennslu og að tengja nám við náttúruna, auk meiri útiveru í leikskóla. Fram kom ósk um skipulagstíma á stundatöflu og sagt: „Fara yfir skipulag“. Ekki kom fram hvort átt væri við nemendur eða starfsfólk. Þá var lagt til að horfa til „finnska mómelsins“ í skólastarfi.

Óskað var eftir því að gera „...tónlistarskólann fullgildan“, þannig að þar væri hægt að taka stig og stungið upp á að bjóða tónlistarnám fyrir fullorðna. Rætt var um tónfræði og bent á að þar mætti jafnvel nýta fjarkennslu.

Unga fólkinu sem tók þátt í umræðunum, var framhaldsskólanám ofarlega í huga. Stungið var upp á að stofnuð yrði framhaldsskólabraut / -deild í Búðardal, í samstarfi við starfandi framhaldsskóla. Minnt var á mikilvægi félagsstarfs, sem þyrfti þá að skipuleggja með samstarfsskólanum.

Einnig var óskað eftir kynningum frá framhaldsskólum, fyrir þau sem eru að ljúka námi í grunnskóla.

Rætt var um lýðræðislega þátttöku nemenda við mótun skólastarfs og sagt: „Að börn hafi rödd varðandi skólaumhverfi (sitt vinnuumhverfi)“. Og einnig: „Krakkar séu hluti þeirra sem taka ákvarðanir“.

Almennt var hvatt til víðrar hugsunar. Þannig ætti að gæta þess að festast ekki í kassanum, eða „...hugsa út fyrir kassann“. Eða jafnvel „...fletja út kassann“, eins og það var orðað.

Leikskólinn er ætlaður börnum frá 18 mánaða aldri, en heimilt að sækja um frá 1 árs aldri. Ef er svigrúm getur skólastjóri ákveðið að taka börn inn fyrir.<sup>11</sup> Fram kom ánægja með þetta og var stungið upp á að nýta þetta til að markaðssetja Búðardal. Sagt var: „...tilvalið að lækka inntökualdur bara alveg niður í 12 mánaða“.

### *„Börn hafi rödd.“*



<sup>11</sup> <http://www.audarskoli.is/vistunarreglur.html>



## 6. Hreyfing og heilsa

Stungið var upp á umræðuefninu „íþróttir“, sem rætt var í einum hópi. Í nokkrum öðrum hópum var komið inn á atriði sem varða heilsu almennt.

Samtalið um íþróttir hverfðist að nokkru leyti um þá staðreynd að íþróttaaðstaða Dalabyggðar er að Laugum í Sælingsdal, 19 km. frá Búðardal. Tekin hefur verið ákvörðun um uppbyggingu íþróttamannvirkja við Auðarskóla í Búðardal, sem munu þá leysa aðstöðuna á Laugum af hólmi. Skilaboð hópsins sem um ræddi, snúast annars vegar um stöðuna eins og hún er núna og vísa hins vegar til möguleika sem skapast þegar ný íþróttaaðstaða er tilbúin.

### 6.1. Staðan í dag

Til að nýta aðstöðuna á Laugum betur, var óskað eftir því að boðið verði upp á „frístundabíl“, einu sinni á dag, til viðbótar við reglulegan skólaakstur. Einnig að hafa ferðir milli Búðardals og Lauga, sem myndu þá nýtast bæði fyrir börn og fullorðna. Óskað var eftir aukinni opnun á sundlauginni á Laugum og viðruð hugmynd um að bjóða einhverja afþreyingu fyrir foreldra og önnur börn meðan íþróttæfingar eru.

Rætt var um rafíþróttir, sem er nýjasta viðbótin í íþróttastarfi á landsvísu. Veltu þátttakendur fyrir sér hvers konar húsnæðis og búnaðar væri þörf. Æskilegt væri að húsnæði tengdist skólanum og íþróttastarfið væri þannig hluti af heildstæðum skóla.

### 6.2. Ný tækifæri

Varðandi byggingu íþróttahúss var lagt til að þá yrði stefnt að aukinni fjölbreytni í íþróttum og sérstaklega minnst á fimleika og dans. Þá kom fram áhugi á að auka framboð á íþróttum og hreyfingu fyrir fullorðna sem og eldri borgara og sagt: „Íþróttagrunnur fyrir fullorðna“.

Stungið var upp á að halda hjólreiðanámskeið fyrir börn og fullorðna og sundnámskeið fyrir alla aldurshópa.

Þá áttu þátttakendur sér drauma um skautasvell og skíðasvæði með brekku, braut og lyftu.

Í hópnum „þjónusta“ var kallað eftir aukinni sérfræðiþjónustu, t.d. sálfræðings og sjúkráþjálfara.



### 6.3. Útivist og reiðmennska

Einn hópur ræddi um útivist og reyndar einnig um hesta. Hér er sagt frá því sem fram kom í þeim hópi og efni sótt í fleiri hópa eftir því sem við á.

Innan Búðardals eru göngustígar og vildu þátttakendur gjarnan að þeir yrðu lengdir út fyrir þorpið. Einnig að þeir yrðu malbikaðir eða klæddir, til að nýtast líka sem hjólastígar. Á vetrum er mikilvægt að göngustígar séu mokaðir, var sagt.

Dalamenn sjá tækifæri í vaxandi áhuga á útivist og fjallgöngum almennt og hópurinn mælti með því að aðstæður til að stunda fjallgöngur í Dalbyggð verði bætтар. Gönguleiðir verði „uppfærðar“, eins og það var orðað og göngusvæði, gerð aðgengilegri, bæði fyrir ferðafólk og íbúa og þar talað um „fjallaaðgang“. Einnig töldu þátttakendur spennandi ef einhverjir byðu upp á gönguleiðsögn.

Tveir staðir voru nefndir í tengslum við umræðu um útivist. Annars vegar skógræktin norðan við Búðardal, þar sem stungið var upp á að búa til skátalund, en í Dalabyggð er mjög öflugt skátastarf. Hins vegar var rætt um „Dalinn“ þar sem nú eru fótboltavöllur og hlaupabraut á um helmingi svæðisins. Efri hluti Dalsins er í órækt og svæðið er nokkuð blautt. Skilaboðin voru þessi: „Gera Dalinn flottan“.

Einhverjir vildu gjarnan að komið yrði upp kajak aðstöðu og einnig bar vetrarferðamennsku á góma, t.d. snjósleða.

Í hópi sem fjallaði um þjónustu var óskað eftir „hundasvæði fyrir hundaeigendur“, en slíkt svæði hefur verið skilgreint í nýju Aðalskipulagi Dalabyggðar.<sup>12</sup>

Varðandi hesta og reiðmennsku áttu þátttakendur sér draum um „...reiðleiðir/stíga um allar sveitir“, sem þyrftu að vera merktar og vel auglýstar. Sagt var að til að láta þetta verða að veruleika, þyrfti samtal og samstarf milli hestamannafélags og sveitarfélagsins.

#### *„Búa til skátalund í skógræktinni.“*



<sup>12</sup> <https://dalir.is/frettir/adalskipulag-dalabyggdar-2020-2032-kynning-tillogu-a-vinnslustigi/>

## 7. Mannlíf

Á íbúðinginu var rætt um ýmis málefni sem varða mannlíf í Dölum, um ungt fólk, þá sérstaklega fólk með börn, um nýbúa, félagsstarf og eldri borgara. Fólk sem á eignir á tilteknu svæði en hefur þar ekki fasta búsetu er stundum kallað „hálfbúar“. Nokkrir „hálfbúar“ í Dalabyggð tóku þátt í þinginu og stakk einn þeirra upp á umræðu um hvernig mætti virkja þennan hóp.

Hér er sagt frá skilaboðum um þessi mál.

### 7.1. Ungt fólk / barnafólk

Einn hópur ræddi sérstaklega um málefni sem varða ungt fólk og þá ekki síst fólk með börn.

Rætt var um að gera enn meira úr þeim kostum sem gera Dalabyggð að barnvænu samfélagi. Stungið var upp á að finna leiðir til að stytta vinnutíma barna, með því að bjóða upp á íþróttir og tómstundir á gæslutíma.

Margir bíða spenntir eftir því að fá íþróttahús og sundlaug í þorpið og að það verði liður í því að bæta skilyrði fyrir barnafjölskyldur – sem og annarra íbúa. Viðraðar voru ýmsar hugmyndir um aukið félagslíf, s.s. sundnámskeið og/eða ungbarnasund, sunnudagaskóli, tónlistarnámskeið og barnakór.

Bæta þyrfti útsvæði, sögðu þátttakendur, sérstaklega hjá yngstu börnum á leikskóla en líka lóð eldri leikskólabarna og grunnskólabarna.

Skólaakstur er órjúfanlegur þáttur af skólagöngu barna sem búa í dreifbýli Dalabyggðar. Á hverjum skóladegi eru 8 skólabílar á ferð með börn til Búðardals og aftur heim. Helst vildu þátttakendur að skólabílaleiðir verði malbikaðar, en sé það ekki á dagskrá, ætti að minnsta kosti að breikka vegina, setja stikur beggja vegna og “...gera almennilega malarvegi”.

Kallað var eftir auknu framboði á íbúðarhúsnæði fyrir það fólk sem vill flytja í Dalina.

Loks var stungið upp á því að markaðssetja þá kosti sem þegar gera Dalabyggð að barnvænu samfélagi, fyrir ungt fólk og barnafólk. Þar var sérstaklega nefnt að boðið er upp á skólabíla fyrir leikskólabörn, sem í mörgum sveitarfélögum eingöngu í boði fyrir grunnskólanemendur, tekið er snemma inn á leikskóla miðað við stærri sveitarfélög og að lítill skóli er kostur.



## 7.2. Nýbúar

Þátttakendum var umhugað um að taka vel á móti nýjum íbúum, hvaðan úr heiminum sem þeir koma. Stungið var upp á að skipaður verði „flutningsfulltrúi“, sem hafi það hlutverk að vera tengliður við nýja íbúa, svara spurningum og veita aðstoð við allt sem tengist því að flytja í Dalabyggð. Þetta hlutverk var í hópi sem ræddi um þjónustu, skilgreint sem „ráðgjafi með upplýsingar“. Lögð var áhersla á að hafa upplýsingar á erlendum tungumálum, auk íslensku.

Hvatt var til þess að huga að „inntöku innflytjenda“. Hugsanlega var þarna þó átt við móttöku flóttamanna því talað var um að því fylgi fjármagn.

Lögð var áhersla á að þjónusta sem þarf til aðstoðar innflytjendum geti einnig nýst íbúum.

Fram kom hugmynd um að standa fyrir reglulegum samverustundum sem gætu verið öllum opnar, t.d. í „félagshúsi“ og er þar átt við draum um nýja aðstöðu fyrir félagsstarf. Sagt var: „...nýbúar geta þá kynnst öðrum nýbúum og íbúum“.

Hópurinn sá fyrir sér að nýtt frumkvöðlasetur gæti verið aðdráttarafl fyrir fólk í óstaðbundnum störfum og það mætti markaðssetja með því að „...láta vita af okkur sem góðri staðsetningu“.

## 7.3. Félagsstarf

Rætt var um félagsstarf í Dalabyggð í einum hópi. Þar voru viðraðar ýmsar hugmyndir til eflingar félagslífs og þá bæði litið til starfsemi og aðstöðu sem þegar er til staðar (eða hefur verið) og nýrra möguleika.

Í þessum hópi og fleirum, kom fram draumur um góða félagsaðstöðu fyrir allskonar starfsemi, fyrir unga sem aldna. Fjölnotahús, einskonar félagsmiðstöð eða „félagshús“ eins og það var orðað.

Einnig rataði þetta á blað:

- Nýta mætti Rauðakrosshúsið í Búðardal betur, en þar er aðstaða fyrir félagsstarf minni hópa.
- Litla sundlaugin við Dalabúð býður upp á ýmsa möguleika.
- Byggja mætti upp húsnæði við Silfurtún fyrir félagsstarf og félög til að halda fámenna viðburði.

Þátttakendur veltu fyrir sér hvernig mætti virkja starfandi félög, m.a. Leikklúbb Laxdæla, sem hefur legið í dvala í allmörg ár, en er nú verið að reyna að endurreisa. Í Dalabyggð starfar harmonikkufélagið Nikkólína, sem einnig var nefnt.

Fram kom hugmynd um Dalabandið, hljómsveit og DJ og draumur um að endurvekja góð böll. Stungið var upp á að stofna hjónaklúbb og „Skemmtilega klúbbinn“ og hefði sá síðarnefndi „...förgöngu um að skipuleggja félagsstarf almennings í samfélaginu“.

Jafnframt lýstu þátttakendur áhuga á að blása lífi í kórastarf, t.d. með því að stofna „Rokkkórinn“.

Margir töldu spennandi að auka námskeiðahald og nefndu handverk, líkamsrækt, söng og dans. Þá var stungið upp á því að kenna fundarsköp til að styðja við og hvetja til þátttöku í félagsstarfi.

Loks var bent á að það skipti máli hvernig upplýsingum um viðburði og félagsstarf er miðlað og spurt: „Hvernig auglýsum við viðburði?“.

#### 7.4. Eldri borgarar

Eldri borgurum fer hlutfallslega fjölgandi í Dalabyggð, líkt og um allan hinn vestræna heim. Hópur sem ræddi um þennan aldurshóp nálgæðist viðfangsefnið ekki aðeins út frá þörfum hópsins, heldur einnig því hvaða tækifæri geta falist í þessari þróun.

Á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni í Búðardal er leyfi fyrir 10 hjúkrunarrýmum og 2 dvalarrýmum og þar eru um 10 starfsmenn. Allir eldri borgarar í Dalabyggð eiga þess kost að kaupa heitan mat í hádeginu á Silfurtúni.<sup>13</sup>

Þátttakendur vildu að stefnt yrði að stækkun Silfurtúns og þar yrði boðið upp á dagþjónustu fyrir eldri borgara sem búa utan heimilisins. Áhugi var á að auka fjölbreytni í þjónustu við þennan hóp ásamt því að bæta heimilisþjónustu til að gera fólki kleift að búa lengur heima. Bent var á að efla þurfi stoðþjónustu, t.d. sjúkraþjálfun og aðra sérfræðiþjónustu.

Góðir göngustígar auka lífsgæði allra íbúa, en ekki síst eldri borgara, sögðu þátttakendur og lögðu einnig áherslu á góða vetrarþjónustu; snjómokstur við hús og á göngustígum. Í hópi sem ræddi um „útivist og hesta“, kom þetta fram varðandi göngustíga: Klára „eldri borgara“ hringinn í Búðardal og er það vísað til þess að eldri borgarar fara reglulega í gönguferðir í þorpinu. Ekki er þó ljóst nákvæmlega hvað það er sem hópurinn taldi að eigi eftir að klára.

Eins og fram kom í kafla 3.3. hér á undan um húsnæði, er húsnæðisskortur í Dalabyggð, ekki síst í Búðardal. Í þessum hópi var sérstaklega kallað eftir uppbyggingu á hentugum íbúðum fyrir 60 ára og eldri.

Þátttakendum fannst spennandi að horfa til mögulegrar atvinnuþátttöku eldri borgara, t.d. í skólastarfi bæði í leik- og grunnskóla.

Mælt var með því að líta á viðfangsefnið sem tækifæri en ekki vandamál og bent á öll þau atvinnutækifæri sem eiga eftir að verða til í þjónustu við og fyrir eldri borgara.

Til að móta stefnu um málaflökkinn, til skemmri og lengri tíma, ætti að „...auka samtal við eldri borgara á öllum aldri“, var sagt. Þetta ætti að vera næsta skref, að eiga samtal við þennan aldurshóp og fá þeirra raddir fram, með því að spyrja: „Hverju kallar fólk eftir?“.

#### 7.5. Virkja hálfbúa

Uppástunga um þetta umræðuefni kom frá „hálfbúa“, sem vildi gjarnan að þessi hópur fólks sem hefur tengsl og í mörgum tilvikum sterkar rætur við Dalabyggð væri að skila meiru til samfélagsins og tengjast því betur.

Rætt var um hvort hægt væri beita áhrifum til að búa til eitthvað í stjórnkerfinu sem heitir „tvöföld búseta“, til að fólk hefði val um að skipta sköttum milli tveggja sveitarfélaga. Í þessu samhengi var spurt hvernig hægt sé að flytja lögheimili og bent á að nú sé hjónum heimilt að skrá lögheimili á sitthvorum staðnum, en að um þetta sé ekki almenn vitneskja.<sup>14</sup>

Þátttakendur voru spenntir fyrir því að virkja Breiðfirðingafélagið, til að auka tengsl og þátttöku. Stungið var upp á að „...vinna lista yfir „hálfbúana“ og hvaða þekkingu og reynslu þeir hafa“. Einnig að athuga hverjir úr þessum hópi myndu vilja flytja lögheimili sitt í Dalabyggð. Loks var varpað fram þeirri spurningu hvort gæti verið vettvangur fyrir nefnd á vegum sveitarfélagsins fyrir þennan hóp.

<sup>13</sup> <https://dalir.is/thjonusta-og-starfsemi/felagsthjonusta/aldradir/silfurtun/>

<sup>14</sup> <https://www.althingi.is/lagas/152b/2018080.html>

## 8. Menning og listir

Hópur sem ræddi um menningu og listir kom víða við og gerði hvorutveggja að kortleggja það sem þegar er til staðar og stinga upp á nýjum verkefnum og áherslum.

Byggðasafn Dalamanna er staðsett á Laugum í Sælingsdal, en hefur verið lokað frá því í árslok 2019. Ekki hefur verið tekin ákvöðun um nýja staðsetningu og velti hópurinn fyrir sér hvar mætti koma því fyrir. Tveir staðir voru nefndir, annars vegar „gamla hlaðan“ í Sælingsdalstungu og hins vegar Staðarfell.

Hópurinn fór á flug í umræðu um að setja á fót fræðasetur í Dalabyggð – en tilgreindi ekki staðsetningu. Möguleikarnir væru margir, t.d. sögufræðsla, umhverfisfræðsla, forvarnir og/eða meðferð, „Pop-Up“ aðstaða, ásamt íbúð fyrir fræðinga. Á fræðasetri gætu verið listasmiðjur, þar sem mætti t.d. yrkja og vinna að tónsmíðum. Einnig var nefndur sá möguleiki að koma á samstarfi við sjálfbóðaliðasamtökin Veraldarvini<sup>15</sup> um setur fyrir ungmenni og sjálfbærni námskeið.

Fram kom áhugi á að stofna „Félag lista og menningar“. Til er Sögufélag Dalamanna og sögðu þátttakendur: „...opna það fyrir almenningi“. Þar var aðallega rætt um tvö verkefni, annars vegar sögu Árna Magnússonar, frá Geitastekk, sem skrifaði ferðabók um ótrúlegar ævintýra- og mannaferðir sínar um heiminn, á 18. öld.<sup>16</sup> Hins vegar snerist umræðan um að minnast arfleifðar Auðar Djúpúðgu með einhverjum hætti, t.d. með hofi eða safni og sáu þátttakendur möguleika á að nýta Hvammskirkju í þessu skyni.

Hópurinn átti sér draum um að efla tónlistarlíf í Dölum, til dæmis kórarstarf. Vísað var til tónlistarhefðar á svæðinu og skáldanna Stefáns frá Hvítadal og Jóhannesar úr Kötlum. Í myndlist var einnig horft til heimafólks sem hefur verið framarlega á sínu sviði og þar nefndir Helgi Þorgils Friðjónsson og Hreinn Friðfinnsson. Einnig var rætt um myndlistareign sveitarfélagsins.



<sup>15</sup> <https://wf.is/>

<sup>16</sup> <https://www.goodreads.com/book/show/36548985-fer-asaga-rna-magn-ssonar-fr-geitastekk-1753-1797>

Byggðahátíðir, eru að mati þátttakenda, „...tækifæri til mörkunar Dalabyggðar“. Þar voru nefndar helstu hátíðir; Jörvagleði, sem haldin er í sumarbyrjun annað hvert ár (á oddatölu) og bæjarhátíðin „Heim í Búðardal“, sem einnig er haldin annað hvert ár (á sléttri tölu). Þá var minnst á Víkingahátíð sem haldin hefur verið á Eiríksstöðum. Loks var nefnd hugmynd sem áður hefur verið viðruð, um að búa til sögurefil um þær sögur sem eiga að hafa gerst á svæðinu.

Rætt var um byggingarlist út frá varðveislu og nýtingu bygginga. Til sögunnar voru nefndir þrír staðir sem hafa vakið athygli fyrir endurbyggingu:

- Hlöðuberg, íbúð og vinnustofa listamanna að Heinabergi á Skarðsströnd, hannað af Studio Bua. Hönnunin hlaut viðurkenningu frá Architectural Review.<sup>17</sup>
- Drangar á Skógarströnd, Gistiheimili, hannað af Studio Granda. Hönnunin hlaut íslensku hönnunarverðlaunin.<sup>18</sup>
- Nýp á Skarðsströnd, gistihús og sýningarrými. Hönnun var í höndum Studio Bua, sem fékk AIA UK Design Awards verðlaunin 2020 í flokki Small Project.<sup>19</sup>

Þá ræddi hópurinn um möguleika á nýtingu félagsheimilisins Árbliks í Miðdölum. Þess má geta að húsið hefur nú verið leigt út og þar verður starfrækt ferðapjónusta.

Varðandi handverk var horft til þeirra möguleika sem felast í vinnslu úr Dalaleir, sem um langa hríð hefur verið notaður við leirmunagerð. Einnig var rætt um aðstöðu fyrir listamenn og vísað m.a. til aðstöðunnar á Nýp, þar sem er, auk gistingar, boðið upp á sýningarrými og dvöl til undirbúnings.<sup>20</sup>

*„Byggðahátíðir eru tækifæri til mörkunar Dalabyggðar.“*



<sup>17</sup> [Studio Bua transforms derelict Icelandic farm building into artist's studio \(dezeen.com\)](https://www.dezeen.com/2019/12/31/studio-bua-guesthouse-nyp-iceland-nature-reserve/)

<sup>18</sup> <https://www.ruv.is/frett/2021/02/03/forgengileikinn-i-adalhlutverki-i-verdlaunahonnun>

<sup>19</sup> <https://www.dezeen.com/2019/12/31/studio-bua-guesthouse-nyp-iceland-nature-reserve/>

<sup>20</sup> <https://nyp.is/nyp-project-space/>

Þátttakendur veltu upp ýmsum leiðum til að stuðla að enn meira menningarstarfi. Þar var rætt um menningarsetur, starfsemi klúbba og hvernig mætti virkja Vínlandssetur í Búðardal enn frekar. Þar er landafundum Eiríks rauða og Leifs heppna gerð skil í sýningu sem samanstendur af myndverkum tíu þekkra íslenskra myndlistarmanna og þar er rekið kaffihús.<sup>21</sup> Fram kom áhugi á að auka nýtingu Vínlandsseturs fyrir atburði og gjarnan koma þar inn meiri þjónustu.

Þátttakendur bentu á að íþróttamiðstöð, sem ætlunin er að byggja í Búðardal, gæti einnig nýst í menningarstarfi, t.d. með bókasafni, „...til að tryggja meiri traðfik“, eins og það var orðað. Þá var stungið upp á afhelgun kirkna „...til að gera almenna notkun mögulega“. Nefndar voru þrjár kirkjur; að Stóra-Vatnshorni, Hvammskirkja og kirkjan í Dagverðarnesi.

Loks setti hópurinn fram þá hugmynd að búa til „hliðið að Dalabyggð“, með því að: „Nýta félagsheimilið Árblik með sýningu (walk-through) sem gefur heildarsýn um hvað er merkilegast að skoða og dvelja við í Dalabyggð“. Þetta mætti, sögðu þátttakendur, gera með myndböndum og/eða gagnvirkri miðlun og vísuðu til hliðstæðu í Rovaniemi í Finnlandi.

## 9. Breiðafjörður (Hvammsfjörður)

Í einum hópanna sem starfaði á íbúáþinginu var rætt um möguleika tengda legu Dalabyggðar við Breiðafjörð og þá sérstaklega Hvammsfjörð. Fjörðurinn hefur fyrst og fremst verið þjónustaður frá Stykkishólmi, bæði fyrr og nú. Hópur sem velti fyrir sér hvaða tækifæri gætu falist í að þjónusta fjörðinn meira frá Dölum, velti upp nokkrum möguleikum:

- Meiri siglingar
  - Sögusiglingar frá Skarðsstöð.
  - Kajakferðir með heitu kakó.

Tvær hafnir eru við fjörðinn, í Skarðsstöð og við Búðardal. Þær voru áður fleiri en hefur ekki verið haldið við. Rætt var um að bæta þyrfti hafnaraðstöðu.

Einnig var stungið upp á að gera sögu og líffræði fjarðarins betri skil og þar varpað fram hugmynd um Breiðafjarðarsafn, sem mætti skoða í tengslum við þróun Byggðasafns Dalamanna. Sjá einnig í kafla 8. hér á undan.



<sup>21</sup> <https://vinlandssetur.is/>



## 10. Hvert skal stefna?

Dalamenn hafa lengi glímt við spurninguna um hvort og þá í hvaða átt sveitarfélagið ætti að sameinast. Þetta er eitt af þeim stóru málum sem varða framtíðarstefnu Dalabyggðar og er hér sagt frá skilaboðum hóps sem fjallaði um málið á íbúáþinginu. Einnig fylgja hér skilaboð um tvö önnur málefni sem eru mikilvæg fyrir framtíðina, sjálfbærni og skipulagsmál.

### 10.1. Sameining sveitarfélaga

Á íbúáþinginu var stungið upp á umræðu um sameiningu sveitarfélaga og varð það málefni í 9. sæti við forgangs röðun þeirra nítján málefna sem rædd voru.

Sameiningarmál hafa verið á dagskrá í Dalabyggð um nokkurt skeið og árið 2020 var skipaður starfshópur sem fékk umboð til samtals við nágrannasveitarfélög.<sup>22</sup>

Dalabyggð á í samstarfi við nágranna í ýmsum málum, t.d. er embætti skipulags- og byggingarfulltrúa sameiginlegt með Árneshreppi, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Strandabyggð. Félagsþjónusta og barnavernd eru unnin með Borgarbyggð og yfirstjórn brunavarna eru sameiginleg fyrir Dali, Reykhóla og Strandir.

Niðurstæða hópsins var skýr, að Dalabyggð hefði ekkert val og að það sé ekki spurning um hvort Dalabyggð sameinist einu sveitarfélagi eða fleirum, heldur hvenær.

Varðandi valkosti var sagt á íbúáþinginu: „Ekki sameinast suður“. Tveir kostir voru nefndir, annars vegar að sameinast Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit (sem síðan hafa verið sameinuð) og þar töluðu þátttakendur um „Breiðafjarðarbyggð“. Hins vegar var rætt um sameiningu við Húnaþing vestra.

Við sveitarstjórnarkosningar í maí 2022 var gerð könnun um afstöðu íbúa til sameiningarmála og þar taldi yfirgnæfandi meirihluti að Dalabyggð ætti að hefja sameiningarviðræður.<sup>23</sup> Samkvæmt umræðunum á íbúáþinginu og niðurstöðum könnunarinnar, virðist erfiðast að komast að niðurstöðu um í hvaða átt eigi að horfa.

Mikilvægast, að mati þátttakenda, er að íbúar í Dalabyggð geti haft rödd í sameinuðu sveitarfélagi. Hluti af því sé að „löggjöfin taki tillit til landfræðilegra þátta, þannig að dreifbýl svæði hafi rödd“, eins og það var orðað. Gera eigi Dalabyggð eftirsóknarverða og hugsa stórt. Mælt var með að horfa til svæða sem eru líkust Dalabyggð, varðandi atvinnu og fleira.

Bent var á að „það fylgi smá framlag til sameiningar“ og er þar vísað til fjárframlags frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, við sameiningu sveitarfélaga.

*„Sameining: Gera Dalabyggð eftirsóknarverða og hugsa stórt.“*

---

<sup>22</sup><https://dalir.is/sameiningarmal/>

<sup>23</sup><https://dalir.is/frettir/nidurstodur-konnunar-um-sameiningarkosti/>

## 10.2. Sjálfbærni – sjálfbærir Dalir

Stungið var upp á umræðu um sjálfbærni, út frá þeirri hugsun að stuðla að aukinni sjálfbærni í Dalabyggð. Hugtakið sjálfbær þróun hefur verið skilgreint þannig: „Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum“.<sup>24</sup> Hópurinn velti upp ýmsum skrefum, sem sveitarfélagið, fyrirtæki og íbúarnir sjálfir gætu stigið í átt að aukinni sjálfbærni.

Varðandi húsnæði væri hægt að stuðla að betri nýtingu orku, t.d. með varmadælum og nýtingu á affallsvatni. Spennandi væri að stefna að því að nýbyggingar yrðu umhverfisvænar, sögðu þátttakendur.

Stungið var upp á vottun:

- Earth check umhverfsvottun, en Snæfellsnes var fyrsta svæðið hér á landi, til að fá þá vottun.<sup>25</sup>
- Vottun fyrir lítil fyrirtæki – tékklisti.

Í úrgangsmálum var rætt um brotajárn og einnig stungið upp á því að fá úttekt frá Pure North og stefna að því að breyta úrgangi í verðmæti.<sup>26</sup>

Nefnt var að mikil tækifæri gætu falist í aukinni grænmetisrækt.

Loks var rætt um verslun og mæltu þátttakendur með að versla beint úr héraði og nefndu þar MS og sögðu: „Vottað!“. Hér má einnig vísa til hugmynda um sérstaka merkingu fyrir afurðir úr héraði, sbr. kafla 4.4. og 4.5., hér á undan. Þá var viðruð hugmynd um stofnun pöntunarfélags.

## 10.3. Skipulagsmál

Senn líður að staðfestingu á endurskoðuðu aðalskipulagi Dalabyggðar 2020 – 2032, þar sem þetta er leiðarljósið:

*Dalabyggð stefnir að því að verða hæglætissamfélag með sterkar rætur í sögu, menningu og náttúru svæðisins. Í því felst að vinna að auknum lífsgæðum íbúa, sjálfbærni daglegs lífs og þoli samfélagsins gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Skapa á góð skilyrði fyrir heilbriggt, skemmtilegt og fjölskylduvænt samfélag, þróttmikið mennta-, menningar- og íþróttastarf og öflugt atvinnulíf.*<sup>27</sup>

Hópur sem ræddi um skipulagsmál, lagði áherslu á að þau þyrftu að vera í lagi. Málaflokkurinn sé flókinn og var sagt: „Frumskógur og lagaflækjur“. Afgreiðsla mála sé sein í vöfum og það geti verið erfitt að ná sambandi við starfsmenn. Bent var á að þörf sé á betri leiðbeiningum fyrir leikmenn. Þá töldu þátttakendur að „...ónýtar girðingar ættu að vera leyfis skyldar“ og spurðu hvort gönguleiðir séu skipulagsskyldar.

Varðandi næstu skref var stungið upp á að:

- Auka þekkingu almennings á skipulagsmálum með góðum upplýsingabæklingi, vefsíðu, kynningarfundum og e.t.v. námskeiðum.

Jafnframt var viðruð sú hugmynd að sveitarfélög á Vesturlandi sinntu skipulagsmálum sameiginlega, eða með orðum þátttakenda: „Fleira starfsfólk í þjónustuveri skipulagsmála t.d. á vegum SSV?“.

<sup>24</sup> <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1840>

<sup>25</sup> <http://nesvottun.is/>

<sup>26</sup> <https://purenorth.is/>

<sup>27</sup> <https://dalir.is/wp-content/uploads/2021/12/ASK-Dalabyggdar-GRG-vinnslutillaga-minni-ID-176795.pdf>, bls. 12

## 11. Raddir unga fólksins

Skömmu áður en þingið var haldið, fóru fulltrúar íbúa í verkefnisstjórn inn í skólann og ræddu við börnin á elsta stigi um þeirra sýn á Dalabyggð í dag og í framtíðinni. Spurt var fjögurra spurninga:

- Hvaða störfum langar þig að sinna í Dalabyggð í framtíðinni (eftir 20 ár)?
- Hvaða áhugamálum viltu geta sinnt þegar þú kemur aftur (eftir 20 ár)?
- Hvað eiga Dalirnir að vera þekktir fyrir í framtíðinni?
- Hvað mundir þú gera ef þú fengir 2 milljónir til að bæta samfélagið?

Einnig vann kennari með börnunum á yngsta stigi, en þar var nálgunin einfaldari.

Hér er sagt frá skilaboðum barna og ungmenna, þeirra er framtíðin. Sjá má alla punkta frá krökkunum í viðaukum.

### 11.1. Yngsta stigið

Börnin á yngsta stigi voru fyrst og fremst að hugsa um aðstæður sínar í skólanum og nágrenni hans. Þau vildu gjarnan að skólalóðin yrði skilgreind og langaði til að hún yrði stækkuð að skógarrjóðrinu og hugað að skjóli. Tjaldsvæðið er við skólalóðina og krakkarnir töluðu um truflun vegna þess og vildu að „...fólk á tjaldsvæðinu sé ekki að leika á skólatíma“. Þau dreyndi um fleiri leiktæki á skólalóðina og nefndu t.d. fleiri rólur, dekkarólur og aparólu, þrautabrautakastala, hoppubelg, stærri sandkassa og dót í hann. Einhver spurði: „Af hverju er bara ein róla á skólalóðinni og við erum meira en þrjátíu?“.

Einnig sögðu þau að helst þyrfti að skipta um grasið á sparkvellinginum og laga hitann undir honum. Líka þyrfti að laga hreystibrautina og þau dreyndi um betri körfuboltavöll.

Svo vildu krakkarnir hafa meira val, bæði í sambandi við námið, sérstaklega tölvuval og rafíþróttir og líka eiga fleiri valkosti um hvað þau gera í gæslu.

Sjá nánar í viðauka 14.1.



## 11.2. Hvaða störf?

Nemendur á efsta stigi voru spurðir: „Hvaða störfum langar þig að sinna í Dalabyggð í framtíðinni (eftir 20 ár)?“.

Mörg af þeim störfum sem til staðar eru í Dölunum í dag, voru nokkuð vinsæl hjá krökkunum á efsta stigi. Þar voru t.d. nefnd störf eins og bóndi, bifvélavirki, rafvirki, kennari, bókhaldari, vinna í verslun, starfa á sjúkrahól, sundlaugarvörður, lögregluþjónn eða þjálfar íþróttir. Sum starfanna krefjast meiri sérhæfingar, önnur ekki. Nefna má lögfræðingur, barnasálfræðingur, arkitekt, tannlæknir og fasteignasali. Störf tengd heilsu og snyrtingu reyndust nokkuð vinsæl og margir nefndu vinnu með dýr, t.d. ræktun, tamningar, reiðkennslu og dýralækingar.

Einhverjir nefndu tónlist, t.d. söng og gítarkennslu og aðrir nefndu leiklist. Ekki væri þó víst að hægt yrði að starfa við það í Dalabyggð, eins og sjá má á tilvitnun í einn nemandann hér fyrir neðan.

Sjá nánar í viðauka 14.2.

## 11.3. Hvaða áhugamál?

Hér var spurningin: „Hvaða áhugamálum viltu geta sinnt þegar þú kemur aftur (eftir 20 ár)?“.

Áhugamálin sem krakkarnir nefndu voru hin fjölbreyttustu, til dæmis á sviði íþróttar og útivistar. Meðal íþróttagreina sem rötuðu á blað voru glíma, golf, bogfimi og skotfimi, handbolti, fótbolti, körfubolti, sund, skautaiðkun, crossfit, blak, snjóbretti, lyftingar, júdó og sitthvað fleira.

Hugmyndir um útivist voru líka allskonar, eins og mótorkross hjól, fjórhjól, kajak og hestamennska. Sumir nemendanna vildu sinna fræðigreinum í tómstundum, svo sem líffræði, geimfræði og eðlis- og efnafræði. Aðrir voru uppteknir af félagsstarfi og tækifærum til samveru, eins og bókaklúbbi, kaffihúsum, skátastarfi og skáklúbbi. Tengt þessum áherslum var draumur um sérstakt félags- eða tómstundahús, sem gæti þjónað bæði börnum og fullorðnum. Einnig var talað um betri aðstæður til að vera í tölvunni, t.d. leikjasal og tölvuleikjakaffihús.

Sjá nánar í viðauka 14.3.

*„Mig langar að verða leikstjóri, en ef ég væri að koma aftur í Dalina væri ég til í að vera á bókasafninu eða vera safnvörður. Eða vera með söguferðir fyrir túrista.“*



#### 11.4. Dalirnir verði þekktir fyrir...

Margar frábærar hugmyndir rötuðu á blað hjá unga fólkinu, þegar þau hugsuðu sér að þau væru að segja vinum sínum, í matarboði í Reykjavík, hvers vegna þau ættu að flytja í Dalina. Spurt var: „Hvað eiga Dalirnir að vera þekktir fyrir í framtíðinni?“.

Góður matur og afurðir úr héraði, var oft nefnt til sögunnar, t.d. bestu sveitaafurðirnar, handgerðir ostar, heimagerður ís og flottasta mjólkurhús landsins. Einnig góðir veitingastaðir, þar sem væri „geggjaður matur“.

Falleg náttúra, náttúruleugar og „geðveikt fjalllendi“, gæti verið aðdráttarafi, sögðu nemendur. Líka góð ferðapjónusta, almennt góð þjónusta og „stærsti bíósalur Íslands“. Sundlaug og íþróttahús komu sterkt inn, ásamt stóru skíðasvæði og skautasvelli. Dalabyggð væri gott samfélag, jákvætt og vinallegt fólk og hér væri gott að búa í „brosildasta bæ landsins“.

Sjá nánar í viðauka 14.4.

#### 11.5. Ef þú fengir 2 milljónir...

Svör unga fólksins í Dalabyggð, þeirra sem verða orðin fullorðin eftir 20 ár, við þessari spurningunni: „Hvað myndir þú gera ef þú fengir 2 milljónir til að bæta samfélagið?“, sýna þeirra forgangsröðun svo ekki verður um villst. Íþróttastaða af ýmsu tagi kom lang oftast fyrir. Allt frá því að fá betri reiðhöll, bogfimistað og laga fótboltavöllinn niðri í Dal, til þess að byggja stóra íþróttahöll, „Egilshöll, bara með öðru nafni“, eins og það var orðað.

Þau vildu betri búð, lægra verð og fleiri verslanir, t.d. sportbúð og tölvubúð, en oftast var þó nefnd ísbúð. Þess má geta að rekin var ísbúð í tengslum við veitingahúsið Veiðistaðinn í Búðardal og greinilegt að krakkarnir sakna hennar.

Fram kom draumur um allskonar námskeið og klúbba, t.d. rafíþróttir, DnD<sup>28</sup> og bókunar- og smíðaklúbba. Þá var krökkunum umhugað um að skólabílaíðir yrðu malbikaðar og vildu sjá betri skólalóð með stærri leikvelli.

Sjá nánar í viðauka 14.5.

*„Félagshús fyrir börn og unglunga, fullorðið fólk og eldri borgara, sem væri opið, smá eins og félagsmiðstöð.“*



<sup>28</sup> Dungeons and Dragons, <https://dnd.wizards.com/>

## 12. Framtíðarsýn – Dalabyggð árið 2042

Á síðari degi þingsins, var viðstöddum boðið í ferðalag inn í framtíðina, þar sem litið var til ársins 2042.

Þátttakendur sáu fyrir sér að Dalabyggð væri blómleg byggð og samfélag í sókn, sem tekist hefði að nýta tækifæri byggð á sérstöðu svæðisins, með framsýni og samstöðu. Staða Búðardals hefði styrkst sem „krossgötur norðursins“, verandi miðsvæði með tengingu við Vestfirði, Snæfellsnes, Norðurland og Suðurland. Dalabyggð er góður staður til að búa á, í sátt við fallega náttúru við fjöll og vötn og fjölbreytt fugla- og dýralíf.

Hér á eftir er dregin upp mynd af því sem fólk skráði niður að ferðalaginu loknu. Þetta er tilraun til að varpa upp heildstæðri mynd af stökum myndum allra þátttakenda. Sumar þeirra kunna að stangast á og hafa ber í huga að ekki voru allir þátttakendur sammála öllu því sem hér fer á eftir. En einhvernvegin svona, gæti staðan í Dalabyggð verið eftir tvo áratugi, þegar „DalaAuður“ hefur fengið að ávaxtast.

*Íbúar eru ánægðir með **bættar samgöngur**, allir vegir eru malbikaðir og einbreiðar brýr heyra sögunni til. Kominn er nýr, uppbyggður vegur um Skógarströnd, með bundnu slitlagi og að sama skapi eru góðir vegir á Bröttubrekku, Laxárdalsheiði og um Gilsfjörð.*

*Rafmagnsbílar hafa tekið yfir og nú er enginn útblástur fá bifreiðum. Kannski eru komnir fljúgandi bílar. Snjómokstur er til fyrirmyndar og í þorpinu er snjóbræðsla á öllum götum.*

***Víðtæk uppbygging** hefur átt sér stað í sveitarfélaginu og komin þétt byggð í þorpinu og inn til sveita. Þannig hefur húsum fjölgað, íbúðakostir eru fjölbreyttir og byggingar fallegar. Íbúum hefur e.t.v. fjölgað um meira en helming, eru um 1500 manns og þorpið iðar af lífi. Dvalarheimilið hefur stækkað um helming og komin er kirkja í Búðardal.*

*Mikið gleði ríkir með þá **uppbyggingu íþróttamannvirkja** sem verið hefur í Búðardal síðustu árin og öfluga íþróttastarfsemi. Í stóru íþróttahúsi er boðið upp á íþróttir fyrir alla og þar má sjá raðir af verðlaunabikurum. Í glæsilegri sundlaug með rennibrautagarði og leiktækjum, njóta börn og fullorðnir og allt iðar af lífi. Kominn er tartanvöllur í Dalnum í Búðardal, stærri fótboltavöllur, skíðalyfta hjá Háafelli og golfvöllur innan við þorpið.*

*Í Dalabyggð er **öflugt atvinnulíf** og fjölbreytt atvinnutækifæri. Meðal annars má finna hér ullarþvottastöð og þvottahús og margir eru í óstaðbundnum störfum. Það gæti litið svona út: „Rafmagnsbílar á ferð við Nýsköpunarsetrið þar sem fleiri tugir íbúa vinna að sínum verkefnum“. Í snyrtilegum, nýjum iðngörðum er hvert pláss nýtt.*



**Ferðaþjónusta blómstrar.** Byggt er á sögu og menningu svæðisins með sjálfbærni að leiðarljósi. Í þorpinu má finna búð með afurðum bænda og hannyrðafólks. DalaOstar eru heimsþekktir og farið er að framleiða Dalavín. Upplýsingamiðstöð kynnir sögustaði og annað það sem er í boði og e.t.v. hefur tjaldsvæðið verið flutt og er nú við hlið Leifsbúðar. Stór auglýsingaskilti um þjónustu og merka staði í Dalabyggð eru við aðkomuleiðir inn í Búðardal. Víða má sjá fólk við veiðar í vötnum og fallegum ám.

Margt af því sem komið hefur verið á fót **til afþreyingar** fyrir ferðamenn, nýtist líka heimamönnum og eykur lífsgæði. Boðið er upp á kajakferðir á Breiðafirði, söguferðir og heitt kakó. Yfir Hvammsfirði er nú Zipline (Zipplína)<sup>29</sup> sem nýtur mikilla vinsælda. Í Haukadal eru nú „Víkingsheimar“ og víkingaskip á vatninu. Byggður hefur verið upp 18 holu golfvöllur norðan við byggðina, sem er eftirsóttur keppnisvöllur, skapar aðdráttarafl og störf. Kominn er dýragarður og ylströnd og um alla Dalabyggð eru fjölbreyttar göngu-, hjóla- og reiðleiðir og boðið upp á hestaferðir. Í Búðardal eru sléttir göngustígar sem liggja út úr bænum í báðar áttir og við Búðina er komið stórt hundasvæði.

**Landbúnaður hefur eflst og fjölbreytni aukist** og Dalabyggð er stórt landbúnaðarhérað með öflugum afurðastöð í héraði. En vera má þó að of mörg býli séu í niðurníðslu. Á grónum túnnum er búfé á beit og bændur stoltir af sínum verðlaunakúm. Mikið líf og fjör er í réttum á hverju hausti. Víða má sjá túnspildur með kornökru og hampi.

Mikil áhersla hefur verið lögð á skógrækt og **Dalabyggð er skógi vaxin**, út um allar sveitir, yfir Bröttubrekku og í kringum Búðardal. Nefna má Hálsaskóg og Flekkudalur er skógi vaxinn uppi í fjallshlíðum. Skógræktin hefur skapað atvinnu og opnir skógar með gönguleiðum og afþreyingu, auðga útivist Dalamanna. Hugað hefur verið að vörnum vegna hugsanlegra skógarelda.

Almennt er lögð áhersla á **snýrtillegt, fallegt og gróðurrikt umhverfi** og snýrtillegt er á öllum sveitabæjum. Eða með orðum eins þátttakanda: „Þú kemur inn í Dalabyggð og hugsar: „Vá, þetta er fallegasta sveitarfélag í heimi“.

Allt í kringum Búðardal eru gróðurhús með mikilli ræktun, í anda sjálfbærs samfélags. Bryggjusvæðið er fallegt. Dalurinn er orðinn að glæsilegum útivistar- og almenningsgarði og í honum miðjum er fallegur skrudgarður með bekkjum og öndum á tjörn.

Myllan, kennileiti Búðardals er glæsileg og orðin eins og ný! Þar situr fólk fyrir utan að njóta útsýnis yfir fjörðinn. Kaffihús og fallegur gróður er á svæðinu, jafnvel eplatré. Mannlíf, menning og listir er í miklum blóma. Hér býr og starfar öflugt listafólk og kraftmikil starfsemi er í Vínlandssetri. Á yfirbyggðu svæði við bryggjuna er náttúruminjan og byggðasafn og í fjörunni eru heitir pottar.

Á Laugum er hótél og e.t.v. útivistar- og heilsusetur og þar er öflug starfsemi. Í Sælingsdalstungu er nú starfrækt menningarhús og lýðháskóli á Staðarfelli. Uppbygging í Ólafsdal er til sóma.

Dalabyggð er orðin **hluti af stærra sveitarfélagi, í kjölfar sameiningar**, þar sem byggt er á sérkennum hvers staðar. Í Búðardal er annað tveggja stjórnsýsluhúsa í nýja sveitarfélaginu.

---

<sup>29</sup> <https://www.zipline.is/is/>

Hér er **öflugt skólasamfélag**, lifandi skóli, með fagfólki og fyrirmyndar stoðþjónustu. Bæði leik- og grunnskóli hafa stækkað vegna fjölgunar barna. Skólinn er fallegur og skólalóðir eru glæsilegar og þar eru hamingjusöm börn að leik.

Komið er stórt verslunarhús, **kjarni með fjölbreyttri þjónustu**. Ef til vill hefur Bónus tekið við sem matvöruverslunin. Barna má líka sjá kaffihús með sætum úti við, til að njóta mannlífsins og nálægt tjaldsvæðinu er bakarí og kaffihús. Kaffi Hvammur er orðið að veruleika.

**Afhending rafmagns** er orðin öruggari og e.t.v. er kominn vindmyllugarður í Vestursýslunni. Sjá má litlar heimavirkjanir við blómlega bæi.

**Á Hvammsfirði** er fjöldi seglskúta fyrir þöndum seglum, ásamt smábátum, sæþotum og kajökum. Í firðinum er mikil gróska og kannski er þar kræklingarækt í sjó, laxeldi á landi og hafnaraðstaða í sókn.

Í Dalabyggð er umfram allt **gott og sterkt samfélag**, þar sem ríkir vinátta og virðing fyrir samborgurum, sjálfboðaliðastarfi og því sem vel er gert. Allar kynslóðir njóta sín, samfélagið er barnvænt, hér er vel menntað og kraftmikið ungt fólk og góð skilyrði fyrir eldri borgara. Heilindi og traust eru í hávegum höfð og ekki finnst hér meðvirkni, rógburður eða eiginhagsmunapot. Iðandi mannlíf og félagslíf, jákvæðni og samheldni, eykur hamingju íbúanna. Á sólríkum dögum má sjá fólk á göngu og hamingjusöm börn að leik í fallegu og hreinu umhverfi. Á vetrarkvöldum er kveikt ljós í öllum húsum.

Að lokum, með orðum eins þátttakanda: „Ég sé blómlegt samfélag þar sem er öflugt menningarlíf og fjölbreytt atvinnulíf. Hér býr fólk á öllum aldri. Hér vill fólk ala upp börnin sín. Hér er fólk hluti af samfélagi sem því þykir vænt um.

*„Syngjandi börn og glaðlegir unglingar og góðlegir gamlingjar.  
Fegin er ég að hafa ekki flutt burt.“*





## 13. Að lokum

Það er ekki tilviljun að verkefni í hinum svokölluðu „Brothættu byggðum“ (BB) hefjast á samtali við íbúana, enda er þátttaka þeirra einn af hornsteinum verkefnisins. Að afloknu íbúabpinginu í Dalabyggð liggur nú fyrir hvaða málefni brenna mest á þeim sem tóku þátt og hvernig þeim ætti að forgangsraða til að stuðla að jákvæðri byggðaþróun í Döllum. Verkefnisáætlun mun byggja á skilaboðum þingsins, auk stöðugreiningar og er horft til allt að fjögurra ára. Meðan verkefnið stendur munu íbúar svo koma saman árlega, til að meta stöðuna og ræða um framhaldið og frumvæði að því að sækja um verkefnastyrki er í þeirra höndum. Verkefninu er þannig ætlað að vera valdeflandi fyrir samfélagið.

Þess vegna byggir samtalið við íbúa á skuldbindingu, sem hljóðar svo í verkefnum í „Brothættum byggðum“:

*„Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi þeim áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu. Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“*

Loforðið gildir meðan unnið er að verkefninu í byggðarlaginu.

Mörg smærri og dreifðari byggðarlög hafa háð varnarbaráttu á síðustu árum og má rekja þá stöðu ekki síst til breytinga í grunn atvinnugreinunum.<sup>30</sup> Aðstæður og skilyrði byggðarlaga til að takast á við slíkar breytingar geta verið breytileg frá einum stað til annars.

Byggðamynstrið í Dalabyggð er fremur óvenjulegt að því leyti hversu stór hluti íbúa býr utan þéttbýlis, en af 665 íbúum 01.01.2022, bjuggu um 62% íbúanna í dreifbýli, en 38% í Búðardal. Þetta hlutfall og íbúafjöldi er svipað í Skaftárhreppi, sem var þátttakandi í BB verkefninu 2013 – 2018. Þessi tvö sveitarfélög, eru fjölmennustu byggðarlögin sem hafa tekið þátt í verkefninu, sem vekur spurningar um tengsl byggðaþróunar og stöðu landbúnaðar í samanburði við byggðaþróun og stöðu sjávarútvegs.

Í Dalabyggð er fámennnt samfélag á stóru landsvæði. Það getur verið krefjandi varðandi t.d. að veita þjónustu en getur jafnframt verið tækifæri til sóknar að hafa víðfemt svæði að vinna með. Brýnt er að bæta innviði og snýr það verkefni að miklu leyti að ríkisvaldinu. Verkefni sveitarfélagsins eru stór miðað við tekjur. Á sama tíma er tilhneiging til þess að almenningur geri auknar kröfur á sveitarfélagið sitt og á ríkið. Þetta skapar ákveðna klemmu og ekki augljóst í hvaða átt þessi staða mun þróast á næstu árum.

Þegar landbúnaður var í blóma voru sveitarfélögin minni og samfélagsgerðin önnur. Á þeim tíma voru byggð félagsheimili víða um sveitir, enda greiddi ríkið hluta af byggingarkostnaði.<sup>31</sup> Í Dalabyggð eru fjögur félagsheimili, þar af eitt í Búðardal. Félagshheimilin í sveitunum eru enn sameiningartákn þess hluta byggðarinnar, en nýtingin mun minni en áður var, meðan rekstrarkostnaðurinn er talsverður. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum sem

<sup>30</sup> <https://www.ruv.is/frett/2022/06/04/saudfjar-og-kuabuum-faekkad-mest-sidustu-ar>

<sup>31</sup> <https://www.althingi.is/alttext/raeda/?lthing=89&rnr=3890>

Dalamenn hafa fjallað um og á síðasta ári stóð menningarmálanefnd fyrir fundum um framtíð félagsheimilanna. Eitt þeirra hefur nú verið leigt út og verður nýtt í ferðapjónustu.<sup>32</sup>

Svipað er uppi á teningnum varðandi kirkjur í Dalabyggð, en í Dalaprestakalli eru sjö kirkjur, allar í dreifbýlinu, en engin í Búðardal. Í umræðum á íbúáþinginu var stungið upp á afhelgun einhverra þeirra og einhverja dreymdi um að eftir 20 ár yrði búið að byggja kirkju í Búðardal.

Á hverjum skóladegi, er börnum ekið á átta leiðum, í Búðardal og svo heim. Þó svo að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki þátt í kostnaði vegna skólaaksturs, er þetta dæmi um eitt af þeim viðfangsefnum sveitarfélagsins, sem er flóknara en þar sem byggðamynstrið er annað.

Þátttakendur á íbúáþinginu horfðu meðal annars til möguleika Dalabyggðar á sviði matvælaframleiðslu, enda er hér gott landbúnaðarsvæði og því verðmætt fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar. Stefna og stuðningur stjórnvalda varðandi landbúnað, ráða miklu um möguleika Dalabyggðar til að nýta sinn Dala Auð.

Byggð og samfélag í Dölum eru að ganga í gegnum miklar breytingar. Mörkuð hefur verið stefna um að styrkja Búðardal sem kjarna og liður í því er uppbygging íþróttahúss og sundlaugar, en Laugar í Sælingsdal hafa verið miðja íþróttalífs til þessa.

Landbúnaður hefur dregist saman í Dölum og þegar bújarðir fá nýtt hlutverk er það gjarnan í ferðapjónustu. Á sumum bæjum er hnignun, meðan á öðrum er byggð upp ný aðstaða þar sem tekið er á móti gestum í glæsilegum húsum, sem áður hýstu búfé.

„Hér er fólk hluti af samfélagi sem því þykir vænt um“, skrifaði einn þátttakandi eftir að hafa svifið 20 ár fram í tímann. Á þinginu voru viðraðar ýmsar hugmyndir til að þjappa samfélaginu saman, t.d. með „fjölnotahúsi“, í Búðardal, fyrir fjölbreytt félagslíf fyrir alla aldurshópa. En þetta viðfangsefni er, líkt og skólaaksturinn, flóknara í dreifða samfélaginu.

Sameining Dalabyggðar við önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, hefur verið til umræðu um nokkra hríð. En það er ekki augljóst í hvaða átt ætti að leita. Gera má ráð fyrir að stjórnvöld muni áfram leita leiða til sameiningar, þannig að málefnið verður væntanlega á dagskrá Dalamanna á næstu árum.

Ef til vill er Dalabyggð í miðjum breytingahríðum, með annan fótinn í fortíðinni og hinn í framtíðinni. Hugtakið „menningarleg mishröðun“ kemur upp í hugann. Meðan á þessari umbreytingu stendur, er verkefnið svo sannarlega krefjandi og ræðst ekki aðeins af stefnu stjórnvalda, heldur reynir á seiglu og samheldni Dalamanna. Þingið fór fram í Félagsheimilinu Dalabúð í Búðardal, sem var vígt 24. júní, 1967. Á skildi yfir dyrunum inn í samkomusalinn segir: „Hér ríki víðsýni og drengskapur“. Megi þetta verða leiðarljós íbúanna í Dalabyggð, þegar þeir taka höndum saman um að virkja „Dala Auðinn“.



<sup>32</sup> <https://dalir.is/frettir/framtid-felagsheimilanna-einn-fundur-efrir/>

## 14. Viðaukar – Raddir unga fólksins, allt

Hér í viðaukum má sjá afrakstur af vinnu sem fram fór í Auðarskóla, fyrir þingið. Helstu skilaboð nemenda á efsta stigi, voru kynnt á íbúáþinginu. Það sem skrifað hefur verið með penna inn á myndirnar er hluti af úrvinnslu höfundar og hefur ekki merkingu.

### 14.1. Yngsta stigið

**Yngsta stigið í Auðarskóla, niðurstöður íbúafundar:**

Skólalóð:

- Aparóla
- Einstaklings rólur og dekkarólur
- Rennibraut } => Þrautabrautarkastali
- Kastali
- Hoppubeigur
- Gras á fótboltavöll – skipta um gervigras og taka ógeðslega gúmmið
- Stærri sandkassa og dót í hann
- Betri körfuboltavöll
- Laga hreystibraut
- Laga hita undir sparkvellingum
- Fleiri rólur
- Rennibraut
- Vantar skjól
- Þrautabraut
- Hafa líka leiktæki uppi, kalt kar

Sundlaug með rennibraut, innilaug og heitum potti

Hafa bókasafn notó með Siggu

Rútu inn að Laugum

Rafþróttir

Hafa töluval

Karla og kvennaklósett, þorum ekki að læsa

Tjaldsvæðið truflar stundum

Stækka lóðina að síkagarrjóðrinu

Skilgreina lóðina

Að fólk á tjaldsvæðinu sé ekki að leika á skólatíma

Gæsla:

Innigæsla

Leikherbergi

fá að horfa

hilusta á tónlist

Betri reglur

Lego – Leir

Geta valið

Að geta farið í þróttir í gæslunni

Af hverju er bara ein róla á skólalóðinni og við erum meira en þrjátíu?

Eitt herbergi inni svo við getum valið hvort við erum inni eða úti

## 14.2. Hvaða störf?

Hvaða störfum langar þig að sinna í Dalabyggð í framtíðinni (eftir 20 ár)?

**Hvaða störfum langar þig að sinna í Dalabyggð í framtíðinni? (eftir 20 ár)**


Allt sem tengist dýrum	Íþróttakennari	Sjúkrabíll
Arkitektúr	Íþróttþjálfari	Sjúkrþjálfari
Bakari	Kenna rafíþróttir	Smábóndi
Barnasálfræðingur	Kenna um heilsuna	Snyrtifræði
Barnavarnardarfulltrúi	KM	Starfsmaður sundlaugar
Bifvélavirki	Leikari	Stuðningsfulltrúi
Bíóafgreiðsla	Leiklist	Sundlaugavörður
Bókhaldari	Leikskólakennari	Söngvari
Bóndi	Lögfræði	Tamningarkona
Bóndi, kýr, kindur, hestar	Löggleja	Tannlæknir
Búa til hluti og selja	Mála	Tattoo artist
Dýralæknir	Naglafræði	Tómstunda- og félagsmálafulltrúi
Einhverskonar kennari	Námsráðgjafi	Tónlistarmaður
Fasteignasali	Nuddari	Umsjónarkennari
Fatahönnuður	Opna veitingastað, gistiheimili, kaffihús	Veitingastað
Flugfreyja	Piercer	Vinna á kassa
Fótboltþjálfari	Pylsuvagn	Vinna í búð
Gera neglur	Rafvirki	Vinna við snyrtiverslun
Gítarkennari	Reiðkennari	Þjálfari
Í Dýragarði	Rækta dýr	
Í kringum hesta	Rækta hunda	
Ísbúð	Sauðfjárbóndi	

Mig langar að verða leikstjóri, en ef ég væri að koma aftur í Dalina væri ég til í að vera á bókasafninu eða vera safnvörður. Eða vera með söguferðir fyrir túrista

## 14.3. Hvaða áhugamál?

Hvaða áhugamálum viltu geta sinnt þegar þú kemur aftur (eftir 20 ár)?

**Hvaða áhugamálum viltu geta sinnt þegar þú kemur aftur (eftir 20 ár)?**

Andlegur styrktarþjálfari	Handbolti	Sinna dýrum
Bakari	Hestamennska	Sinna frispigölfinu svo það sé hægt að nota það
Bátaleiga	Hjólabraut	Skautahöll
Bensínstoppistöð/N1/Oilis/Orkan...	Ísbúð	Skakklúbbur
Bíósalur	Íþróttastarf	Skátar
Blak	Jarðfræði	Snjóþretti
Bogfimi/skotfimi	Ju Jitsu	Snyrtingu (neglur)
Bóaklúbbur	Júdó	Sundmennska
Crossfit	Kaffihús	Tómstundahús fyrir börn
DnD klúbbur (Dungeons and dragons)	Kajak	Trúnó til 3 einu sinni í mánuði
Eðlisfræði	Karoke bar	Tölvuleikir
Efnafræði	Kisukaffihús	Tölvuleikjakaffihús
Enduro (motorkross hjóli)	Krossfit	Tölvur
Félagshús / Opið hús	Körftubolta	Vantar leikvöli, mjög lítð að gera úti
Félagsstarf	Leikfélag	Veitingastaður
Fjór hjólaleiðir	Leikjasal	Vera í tölvunni
Fótbolta	Leikklúbbur	Öll hreyfing
Geimfræði	Líffræði	
Geimrannsóknarstöð	Lyftingar	
Gera við bíla	Náttúruböð	
	Pool dans/dans stúdíó með súlu	
Golf	Rennibrautaknapi	

Hestar, sem þýðir:  
betri reiðhöll, fleiri reiðnámskeið,  
knappamerki, fleiri sýningar, moka  
snjó í hestahverfinu

## 14.4. Dalirnir verði þekktir fyrir...

Hvað eiga Dalirnir að vera þekktir fyrir í framtíðinni?

**Hvað eiga Dalirnir að vera þekktir fyrir í framtíðinni?**

Að reisa ódýrar íbúðir	Geggjafan bíosal, veitingastað, sundlaug, ísbúð	Osta
Allar fræðigreinar	Gott og skemmtilegt að búa	Píssustopp
Besta heimagerða ísinn	Gott sundfélag	Rennbrautina í sundlauginni
Besta Subway staðinn	Gott sveitarfélag	Riilisastórt og geggjaf skíðasvæði
Bestu sveitaafurðirnar	Góð búð	Samfélagið
Bestu sveitaböllin	Góð gistiheimili	Skautasvell
Brosmyndasta bæ landsins	Góða ferðapjónustu	Skemmtilegt fólk
Dalaosta	Góðan félagsskap	Skemmtilegur staður
Eyjaskoðun	Góðu sundlaugarennibrautina	Skíðabrekkur
Falleg vötn að veiða í	Hafa góða þjónustu	Stærsta bíó Íslands
Ferðabransann	Handgerðir ostar úr Dölunum	Sundlaug (með rennibraut)
Fiskistöð	Handverk úr Dölunum	Sundlaugagarði
Flottasta mjólkurhús landsins	Heineken	Svakalegt íþróttahús
Frægt glímustarf	Laugar	Sveigjanleika
Fyrir að vera mjög jákvæð	Mótorcrossbraut /Enduro braut	Sögurnar
Fyrir að vera vinalæg	Náttúrlaugar	Vera gott samfélag
Fyrir góðar pizzur	Náttúruna	Vísindi
Geggjafur matar		
Geðveikt fjallendi		

**Íþróttafolk sem er alltaf að vinna á Ólympíumótum og íþróttasjálfarana sem koma þeim þangað**

**Glimu**

## 14.5. Ef þú fengir 2 milljónir...

Hvað myndir þú gera ef þú fengir 2 milljónir til að bæta samfélagið?

**Hvað myndir þú gera ef þú fengir 2 milljónir til að bæta samfélagið**

Að auka aga	Laga ljáskógarétt
Að lækka verð í búðum	Lego herbergi
Almennilegan strandblakvöll	Læknar
Bakarí	Malbika allar leiðir skólabíla
Betri búð	Moka bílapiön hjá fólkinu
Betri reiðhöll	Regnboga
Betri skólalíð	Sjöppu (N1, Olís)
Bíósal	Sportbúð
Bogfimmistaður	Stofna svaka ísbúð
Bónus/Krónan	Stóran leikjavöll
Eglishöll, bara með öðru nafni	Stórt bókasafn
Enduro braut	Stærri leikvöll á skólalóðinni
Fleiri hús	Subway
Fullt af námskeiðum	Sundlaug eftir skóla
Heitur pottur í fjórungi	Sýndarveruleikastaður
Iðnaðarpláss fyrir íbúa	Tölvubúð
Ísbúð	Þekktan veitingastað, KFC, Híolla, Subway,...
Íþróttahús	Ærslabeig í Búðardal
Klúbbar: Rafíþróttir, DnD, bókunar og smíða	
Koma upp bátasiglingu	
Krossarbraut	
Laga fótboltavöllinn niðri í dal	

Félagshús fyrir börn og unglínga, fullorðin fólk og eldri borgara, sem væri opið, smá eins og félagsmiðstöð

Kaffi Hvammur:  
Kaffihús með morgunmat, hádegismat, kaffitíma og kvöldmat. Hægt að fá brunch með geggjuðu útsýni og hægt að lesa um sögur Dalanna. Þetta er einnig gistingu og